

Kvenfrelsi	5
Ályktun um kvenfrelsi.....	5
Ályktun um staðgöngumæðrun.....	6
Ályktun um fjölmiðla	7
Ályktun um kvenfrelsi.....	10
Ályktun gegn mansali og vændi.....	10
Ályktun um kynjafnaða ríkisstjórn.....	10
Ályktun um forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi	10
Umhverfi, náttúra og auðlindir.....	11
Tillaga að ályktun um friðlýsingu Skjálfandafljóts	11
Ályktun um nýtingu auðlinda á láði og legi	11
Tillaga um náttúruvernd og Rammaáætlun	11
Ályktun um lífrænan landbúnað og erfðabreyttar lífverur	12
Bætt orkunýting raskaðra háhitasvæða	12
Vernd hafsvæða og vistvæn veiðarfæri	12
Ályktun um þjóðgarð.....	12
Ályktun um rammaáætlun	13
Ályktun um stjórnáætlun umhverfismála.....	13
Ályktun um hvalveiðar.....	14
Efling landvörslu, eftirlits og uppbyggingar á ferðamannaslóðum á hálendi Íslands og á óbyggðum svæðum	14
Ályktun um vatn	15
Mælikvarðar sjálfbærni	16
Merking erfðabreyttra matvæla.....	16
Ísland verði laust við erfðabreytta ræktun.....	17
Ályktun um lífræna ræktun	17
Utanríkis-, alþjóða- og friðarmál	18
Um aðildarviðræður við ESB. Tillaga til landsfundar VG 2011	18
Ályktun um NATÓ.....	21
Ályktun um Ísland úr NATO og andstöðu við hernaðaraðgerðir þess.....	22
Ályktun um sjálfstætt ríki Palestínu.....	22
Úrsögn úr NATO.....	22
Ályktun um hervæðingu.....	22

Ályktun um flóttamenn	22
Ályktun um ESB	23
Ályktun um NATO, friðlýsingu og öryggisstefnu.....	23
Ályktun um Palestínu.....	24
Stefna Vinstri grænna í málefnum Íslands og norðurslóða:.....	25
Velferðarmál	28
Tillaga að ályktun um málefni ellilífeyrisþega og öryrkja	28
Ályktun um fátækt á Íslandi	28
Ályktun um úrræði fyrir unglunga í vímuefnavanda	28
Réttur til fæðingarorlofs.....	28
Mótmælum frekari niðurskurði í grunnþjónustu	29
Ályktun um einkaskóla	29
Ályktun um menntamál.....	29
Ályktun um heilbrigðiskerfið	30
Félagslegt réttlæti.....	31
Ályktun um húsnæðismál.....	31
Ályktun um húsnæðismál og verðtryggingu.....	31
Gegn vaxtaokri húsnæðislána	31
Sjálfbær húsnæðisstefna	32
tillaga starfshóps til Landsfundar VG 2011.....	32
Félagslegt réttlæti (almenn ályktun)	33
Ályktun um barnalagafrumvarp	34
Atvinna er mannréttindi – Atvinnuleysi er mannréttindabrot.....	35
Vinnumálastofnun og hlutverk hennar	35
Ályktun um hústöku og ábyrgð húseigenda.....	36
Hagstjórn.....	37
Ályktun um þjóðnýtingu fjármálastarfsemi á Íslandi	37
Ályktun um uppgjör við hrunbankana.....	37
Eftirlit með fjármálakerfi	38
Gegn niðurskurði	38
Sjálfbærni en ekki hagvöxtur.....	38

Efnahagsmál	38
Ríkisfjármálin	39
Kynjuð hagstjórn.....	39
Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn	40
Atvinnumál.....	41
Ályktun um atvinnuuppbyggingu á Húsavík og Suðurnesjum	41
Ályktun um sjávarútvegsmál	41
Ályktun um fiskveiðistjórnun.....	41
Repja til uppgræðslu og nytja.....	41
Ályktun um sjávarútvegsmál	41
Ályktun um landbúnað og matvælaíðnað	42
Ályktun um atvinnumál	42
Ályktun um ferðapjónustu	42
Uppbygging ferðapjónustu í nágrenni Reykjavíkur	43
Styðjum sölu beint frá býli.....	43
Ályktun um landbúnað	44
Ályktanir um sjávarútvegsmál	45
Ályktun um sjávarútvegsmál	45
Skapandi greinar	46
Nýsköpunarsjóður námsmanna	47
Ályktun um byggingariðnað	47
Byggða- og samgöngumál	48
Ályktun um jöfnuð landsbyggðar og höfuðborgar	48
Ályktun um vegaf framkvæmdir	48
Ályktun um Reykjavíkurlugvöll.....	48
Almenningssamgöngur og aðgengi að grunnþjónustu.....	48
Öflug heilbrigðisþjónusta og heilsugæsla um land allt.....	49
Vegagerð orkufyrirtækja nýtist almenningi.....	49
Almenningssamgöngur, orkusparnaður og einkabílsmi	50
Frjáls för fólks	51
Ályktun um almannarétt	51

Lýðræðisstefna VG	52
Lýðræðisstefna Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs	52
Innra starf VG	54
Skýrsla skipulagsnefndar VG til landsfundar VG.....	54
Landbúnaðarstefna Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs.....	55
Sérmál	56
Ályktun um breytingar í opinberri stjórnsýslu.....	56
Ályktun um stjórnlagaráð	56
Ályktun um rannsóknarnefnd Alþingis	56
Ályktun um íslenskuáttak	56
Sala á áfengi.....	56
Höldum áfram góðum verkum	57
Ályktun um aðskilnað ríkis og kirkju.....	57
Ályktun um byrjunarlaun presta	57
Ályktun um upplýsingaöryggi og aðgengi almennings að upplýsingum	58
Almenn ályktun	59

Kvenfrelsi

Ályktun um kvenfrelsi

Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur allt frá stofnun flokksins verið í fararbroddi í baráttunni fyrir auknu jafnrétti kynjanna. Fulltrúar flokksins hafa haft kjark til að setja erfið mál á dagskrá og fylgja þeim eftir í samfélagsumræðunni, á þingi og í sveitarstjórnnum. Þannig hafa Vinstri græn haft mótandi áhrif á hugsunarhátt og samfélagið í heild sinni.

Þátttaka í ríkisstjórn hefur svo gert flokknum kleift að breyta miklu. Baráttumál til margra ára hafa hlotið brautargengi svo sem bann við vændiskaupum, bann við nektardansstöðum, bætt lög gegn kynbundnu ofbeldi á heimilum (austurríska leiðin) og aðgerðaráætlanir gegn mansali, kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi hafa verið samþykktar. Að auki hefur kynjuð fjárlagagerð verið innleidd við gerð fjárlaga sem er mikilvægt skref í átt að kynjaðri hagstjórn, gefið hefur verið út kennsluefni fyrir grunn- og framhaldsskólanema um kynjajafnrétti og jafnréttismenntun er orðin einn af fimm grunnþáttum í nýjum aðalnámskrám fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Auk formlegra breytinga skal því haldið til haga að í tíð þessarar ríkisstjórnar féll fyrsti dómurinn í mansalsmáli á Íslandi. Það hefði það varla gerst nema vegna aukinna framlaga til rannsókna og vitnaverndar og skilnings stjórnvalda á alvarleika slíkra mála. Sama má segja um viðbrögð yfirvalda við þeim kynferðisbrotum innan trúfélaga og stofnana sem hafa afhjúpast síðustu misseri.

Verkefni framundan eru hins vegar ærin. Brýnt er að horfa heildstætt á kynjakerfi samfélagsins og grípa til aðgerða á öllum sviðum. Fylgja þarf eftir þeim verkefnum sem þegar eru farin af stað, s.s. innleiðingu kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar, eftirfylgni og framkvæmd aðgerðaáætlana gegn mansali, kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi og um leið þarf að tryggja að kynferðisbrotamál hljóti sanngjarna málsmeðferð á öllum stigum. Efla þarf Jafnréttisstofu, styrkja frekar stöðu hennar innan stjórnsýslunnar og mögulega stofna útibú víðar um landið. Virða þarf hefðbundin kvennastörf á við karlastörf og samfélagslegt framlag kvenna við störf inná heimilum. Í því skyni ætti að meta áhrif þess að veita skattaávilnanir fyrir aðkeypt störf innan heimila í þeim tilgangi að koma í veg fyrir undanskot skatta og viðurkenna störf kvenna innan heimila, með verkefnið "allir vinna" að fyrirmynd en þar er skattafrádráttur veittur fyrir störf iðnaðarmanna. Tryggja þarf þátt kvenna og sýnileika á öllum sviðum samfélagsins, þar með talið í stjórnámálum, stjórnnum fyrirtækja og fjölmiðlum. Efla þarf enn frekar jafnréttisfræðslu og vinna samkvæmt nýjum aðalnámskrám og styrkja þannig ungt fólk til að brjótast úr viðjum kynjaðra staðalmynda, koma í veg fyrir ofbeldisglæpi og auka fjölbreytni og möguleika kynjanna. Þrátt fyrir ríka áherslu Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs á kvenfrelsi er mikilvægt að sofna ekki á verðinum og ástunda virka sjálfskoðun á stefnu og innra starfi flokksins. Nauðsynlegt er að samþætta hugmyndafræði kvenfrelsis betur inn í allar stofnanir flokksins og nýta kynjakvóta við uppstillingu og í forvalsreglum, sem og skipan í embætti og trúnaðarstörf með það að markmiði að ekki halli á konur. Sú stefna sem mörkuð var af hugmyndasmiðju um kvenfrelsi á fyrstu árum flokksins er enn í fullu gildi, en hana þarf að endurskoða með tilliti til þess sem áunnist hefur og nýrra áherslna og viðfangsefna. Eðlilegt er að hreyfingin móti sér viðbragðsáætlun vegna kynbundins ofbeldis, enda eiga allar stofnanir og félagasamtök að hafa slíka áætlun.

1 Landsfundur samþykkir því að kvenfrelsisstefna flokksins verði tekin til endurskoðunar og
2 mótuð verði viðbragðsáætlun vegna kynbundins ofbeldis. Endurskoðuð stefna verði lögð fyrir
3 landsfund árið 2013 með útgáfu í huga, en viðbragðsáætlunin verði lögð fyrir flokksráð strax
4 á næsta ári.

5
6 Að lokum brýnir landsfundur alla félagi til að taka höndum saman og axla ábyrgð á að
7 útrýma kynjamisrétti.

8 *Ályktanahópur*

9 **Ályktun um staðgöngumæðrun**

10
11 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs leggst gegn því að staðgöngumæðrun
12 verði heimiluð á Íslandi, hvort sem er í hagnaðarskyni eða velgjörðarskyni.

13
14 Fundurinn varar sérstaklega við því fyrirkomulagi á staðgöngumæðrun að staðgöngumæður
15 og foreldrar geri með sér bindandi samning. Með því væri gengið mun lengra en í löndum
16 sem heimila staðgöngumæðrun. Fari svo að staðgöngumæðrun verði leyfð verða yfirráð
17 staðgöngumæðra yfir líkómum sínum ætíð að vera tryggð, þær taki sjálfar allar ákvarðanir
18 sem að þeim lúta, og hafi rétt til að binda endi á meðgönguna eða draga til baka samþykki sitt
19 fyrir því að láta börn af hendi við fæðingu.

20
21 Fundurinn leggur áherslu á að yfirvöld geri betrubót í ættleiðingarmálum þannig að þeir
22 mörgu hæfu foreldrar sem þrá að eignast börn eigi auðveldara með að ættleiða börn sem þegar
23 eru fædd, og þurfa á foreldrum að halda.

24
25 **Greinargerð**

26 *Fyrir Alþingi liggur frumvarp um að heimila staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Almenn*
27 *sátt virðist ríkja um að ekki sé æskilegt að leyfa staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni. Í janúar*
28 *2009 skipaði þáverandi heilbrigðisráðherra sérfræðinga-starfshóp til að fara yfir álitaefni*
29 *tengd staðgöngumæðrun. Þessi hópur skilaði álitni þar sem hann lagðist gegn því að*
30 *staðgöngumæðrun yrði heimiluð að svo stöddu. Í álitni starfshópsins kemur m.a. fram að*
31 *reynsla annarra þjóða sýni að erfitt sé að koma í veg fyrir að þær aðstæður skapist að*
32 *velgjörðarskyn breytist í hagnaðarsjónarmið. Enda má spyrja sig hvort ekki sé edlilegt að*
33 *staðgöngumóður sé greitt fyrir vinnutap, læknskostnað og heilsurækt á meðgöngu. Hafa*
34 *verður í huga að öllum meðgöngum og fæðingum geta fylgt óþægindi, kvalir og mikil áhætta.*
35 *Vandséð er hvernig takast má að koma í veg fyrir kúgun eða þvingun þegar kemur að*
36 *staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.*

37
38 *Hefðbundin staðgöngumæðrun, þar sem egg staðgöngumóðurinnar er frjóvgað með sæði úr*
39 *föður hefur tíðkast um aldir. Núverandi lagaumhverfi, þar með talin lög um stjúpættleiðingar,*
40 *nær utan um slík dæmi hérlendis. Með nútímataekni hefur orðið til svokölluð full staðganga*
41 *þar sem frjóvguðu egg, úr verðandi móður eða annarri konu, er komið fyrir í legi*
42 *staðgöngumóðurinnar.*

43
44 *Staðgöngumæðrun er sveipuð mýtuljóma liðinna alda. Konur sem gefa líkama sinn til*
45 *æxlunar eru upphafnar sökum góðmennsku en um leið smættaðar í eigin æxlunarfæri.*
46 *Varasamt er að ganga út frá því að það séu réttindi fólks að eignast börn með hvaða ráðum*
47 *sem er, og að litið sé á konur, æxlunarfæri þeirra og líkama, sem sjálfsögð verkfæri í þeim*
48 *tilgangi að tryggja öðrum slík réttindi. Í lokaálitni fyrrnefnds starfshóps kemur orðrétt fram*

1 að: „...helstu rök gegn staðgöngumæðrun eru að hætta sé á að litið sé á staðgöngumóðurina
2 sem hýsil utan um barn“. Bindandi samkomulag getur haft í för með sér að gengið sé á
3 réttindi staðgöngumóðurinnar, og þannig hætta á að hún missi réttindi sín sem fullgild
4 manneskja og verði í staðin aðeins álitin hýsill fyrir fóstur. Samfélag sem skilgreinir
5 móðurhlutverkið svo mikið grundvallaratriði í sjálfsvitund kvenna að ef þær geta ekki eignast
6 barn með hefðbundnum leiðum, þá sé eðlilegt að fá aðrar konur til að ganga með börn fyrir
7 þær; það er samfélag sem getur ekki sett lög um að kona gangi með barn í þeim tilgangi
8 einum að láta það frá sér. Þegar kona gengur með barn er þungunin lögum samkvæmt hluti
9 af líkama hennar, þetta gildir jafnvel þó hún gangi með barn fyrir aðra. Barn telst barn
10 þeirrar konu sem fæðir það, burtséð frá erfðæfni.

11
12 Með því að leyfa staðgöngumæðrun í velgjörðaskyni væri verið að samþykkja þá hugmynd að
13 það sé í lagi að nota líkama annarra sem leið að eigin markmiði. Slíka sýn á manneskjuna
14 getum við ekki og eigum ekki að samþykkja.

15
16 *Ályktanahópur*

17 **Ályktun um stjórnslu jafnréttismála**

18
19 Vinstri græn telja þörf á að efla Jafnréttisstofu til muna. Tryggja verður að fjárveitingar til
20 Jafnréttisstofu séu fullnægjandi til að hún geti sinnt lögbundnum verkefnum sínum. Til þess
21 að Jafnréttisstofa geti sinnt því viðamikla starfi sem henni er ætlað í íslensku samfélagi er
22 nauðsynlegt að færa Jafnréttisstofu öflugar eftirlits-, rannsóknar- og sektarheimildir. M.a. þarf
23 að kanna hvort að beita ætti stofnanir viðurlögum sé jafnréttislögum ekki fylgt, svo sem með
24 skerðingu á opinberum fjárframlögum. Lögum um kærunefnd jafnréttismála þarf að breyta
25 þannig að kæra vegna brots á jafnréttislögum leiði til þess að kærandi fái úrlausn mála sinna, í
26 stað þess sem í dag er að niðurstöður kærunefndar sæta ekki kæru til æðra stjórnvalds. Því
27 þarf að efla lagaheimildir kærunefndar eða íhuga róttækar aðgerðir í þeim efnum, t.d.
28 niðurlagningu kærunefndarinnar og þess í stað stofnun jafnréttiseftirlits með sektarheimildir á
29 borð við t.d. samkeppniseftirlitið eða hreinlega jafnréttisráðuneytis.

30
31 Landsfundur álitur nauðsynlegt að jafnréttislög séu í stöðugri endurskoðun og leggur til að
32 lögfest verði að slík endurskoðun fari fram með reglulegu millibili. Fundurinn bendir einnig á
33 mikilvægi þess að öll lög verði yfirfarin með sjónarmið kynjajafnréttis að leiðarljósi.

34
35 *Ályktanahópur*

36 **Ályktun um fjölmiðla**

37
38 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn á Akureyri helgina 26. til 28.
39 október 2011, hvetur fjölmiðla til axla ábyrgð og grípa til aðgerða sem stuðla að jafnrétti og
40 jafnri stöðu kynjanna. Fjölmiðlar gegna lykilhlutverki við mótun hefða, gilda og fyrirmynda
41 og því afar mikilvægt að þeir axli ábyrgð í þessum málum og fylgi lögum um jafnan rétt
42 kvenna og karla í hvívetna.

43
44 Landsfundur fagnar þeim áherslum á jafnrétti og jafna stöðu kynjanna sem fram koma í nýrri
45 heildarlöggjöf um fjölmiðla. Þar er fjölmiðlum falin sú ábyrgð að taka saman árlega skýrslu
46 um hvernig kynin birtast í umfjöllun þeirra, hlutfall kynja á meðal starfsfólks og gera grein
47 fyrir aðgerðum þeirra til að vinna gegn staðalímyndum kynjanna.

1
2 Landsfundur hvetur fjölmiðla til að framfylgja lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og
3 karla nr. 10/2008 þar sem skýrt er kveðið á um að öll fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa
4 fleiri en 25 starfsmenn skulu setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í
5 starfsmannastefnu sína. Skal þar m.a. sérstaklega kveðið á um markmið og gerð áætlunar um
6 hvernig þeim skuli náð til að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–22.
7 gr. laganna er varðar útrýmingu launamunar kynjanna.

8
9 Einnig eru fjölmiðlar hvattir til að gera samþættingu jafnréttissjónarmiða í inntaki og
10 starfsemi fjölmiðla sem hluta af þeim reglum sem þeir setja sér um sjálfstæði ritstjórna og
11 starfsmanna sinna sem sinna fréttum og fréttatengdu efni.

12
13 Mikilvægt að slíkar áætlanir séu gagnsæjar og aðgengilegar notendum miðlanna þannig að
14 þeir geti tekið upplýsta afstöðu til fjölmiðilsins og efnistaka hans og veitt þannig
15 fjölmiðlunum nauðsynlegt aðhald hvað varðar að viðhalda jafna stöðu kynjanna í fjölmiðlum.
16 Til þess að tryggja slíka framkvæmd telur landsfundur rétt að þessi ábyrgð fjölmiðla verði
17 bundin í lög um fjölmiðla.

18 19 **Greinargerð:**

20 *Ályktunin felur í sér hvatningu um að fjölmiðlum verði falin aukin ábyrgð í baráttunni fyrir*
21 *jöfnum rétti og jafnri stöðu kynjanna og að eftirlit verði hert með því að fjölmiðlar axli*
22 *lagalega ábyrgð sína er varðar jafnan hlut kvenna og karla. Er því lagt til að bundið verði í*
23 *fjölmiðlalöggjöf hér á landi ákvæði sem á rætur að rekja til laga nr. 10/2008 um jafna stöðu*
24 *og jafnan rétt kvenna og karla.*

25
26 *Á síðustu árum hafa verið gerðar margar rannsóknir til að kanna bæði stöðu kvenna inni á*
27 *ritstjórnnum, fréttamat karla og kvenna og hlutfall karla og kvenna í fjölmiðlum. Í rannsókn*
28 *Félagsvísindastofnunnar HÍ frá árinu 2010 kemur í ljós að ekkert hefur breyst í því að jafna*
29 *hlutföll kynjanna í fjölmiðlum á síðustu árum og er Ísland eftirbátur Norðurlandanna hvað*
30 *varðar jafnan hlut kynjanna í fjölmiðlum. Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis kemur fram*
31 *að í fréttum fjölmiðla um fjármálafyrirtæki í aðdraganda bankahrunsins voru karlar 97%*
32 *viðmælenda en konur 3% og rannsókn sem gerð var á umfjöllun fjölmiðla um stjórnmálafólk*
33 *fyrir alþingiskosningarnar 2009 sýndi að stjórnmálakarlar fengu meiri umfjöllun en*
34 *stjórnmálakonur, miðað við hvað fjöldi þeirra á framboðslistum gaf tilefni til. Samkvæmt*
35 *greiningu á íslensku fjölmiðlaumhverfi árið 2010 eru fréttakonur mun færri en fréttakarlar.*
36 *Konur eru í minnihluta, bæði sem fulltrúar sjónvarpsstöðva (s.s. fréttamenn,*
37 *dagskrárgerðarmenn) og eins í fréttum, auglýsingum og innlendu og erlendu afþreyingarefni.*
38 *Hlutfallið ein kona á móti hverjum þremur körlum gengur eins og rauður þráður í gegnum*
39 *allt sjónvarpsefni. Þegar litið er til þess hluta dagblaðaefnis sem er greinanlegur eftir*
40 *kynferði – en það er einungis um helmingur efnisins – birtist svipuð mynd. Mun meira er*
41 *fjallað um karla en konur og karlar eru oftár tilefni fréttu og annarrar umfjöllunar en konur*
42 *eða í hlutfallinu 3:1. Hlutfall kynjanna er hvað næst því að vera jafnt í minningargreinum*
43 *blaðanna en jafnvel í þeim efnun ná konur aðeins um 40% hlut. Jafnframt skipta kynin*
44 *nokkuð jafnt með sér slúðurdálkunum.*

45
46 *Einnig sýna alþjóðlegar rannsóknir að undanfarin ár hefur kyngerving kvenna og stúlkna*
47 *stóraukist í fjölmiðlum þar sem þær eru sýndar á kynferðislegan hátt eða með kynferðislegum*
48 *undirtón. Íslenskir fjölmiðlar eru þar engin undantekning. Öllum má vera ljóst að*
49 *kynferðislega hlutgervingu kvenna og stúlkna í fjölmiðlum beri að fordæma harðlega þar sem*

1 það sýni konur á niðrandi hátt. Kynferðisleg hlutgerving kvenna í fjölmiðlum stuðlar að
2 viðhorfi sem samþykkir klámvæðingu, kvenfyrirlitningu og ofbeldi gegn konum.

3
4 Herða þarf einnig eftirlit með því að fjölmiðlar fylgi eftir 29 gr. í lögum um jafnan rétt kvenna
5 og karla þar sem kveðið er á um að auglýsandi og sá sem hannar eða birtir auglýsingu skulu
6 sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn
7 jafnri stöðu og jöfnum rétti kynjanna á nokkurn hátt. Óheimilt er að birta slíka auglýsingu í
8 fjölmiðlum eða á öðrum opinberum vettvangi. Refsiákvæði eða viðurlög þurfa að vera skýrari
9 hvað þetta varðar.

10
11 Í ljósi þess að lítið virðist breytast í átt til jafnræðis kynjanna í fjölmiðlum, þykir rétt að fela
12 fjölmiðlum þá ábyrgð að fylgja lögum um gerð jafnréttisáætlunar og ákveða hvernig
13 jafnréttissjónarmið eru samþætt í inntaki og starfsemi fjölmiðilsins.

14 Mikilvægt er að hafa í huga að fjölmiðlar hafa gríðarlega mikil áhrif á mótun hefða og gilda
15 samfélagsins. Af þeim sökum á samfélagið að geta gert þá kröfu til fjölmiðla að þeir starfi í
16 þágu almennings og taki á þeim þrífætta vanda sem tengist konum og fjölmiðlum; aðgengi
17 kvenna, umfjöllun um konur og myndbirtingu kvenna í fjölmiðlum. Sú ábyrgð hvílir því fyrst
18 og fremst á herðum fjölmiðla að bæta stöðu þeirra kvenna sem þeir ráða í þjónustu sína og
19 að endurskoða hvernig og hversu mikið fjölmiðlarnir fjalla um konur.

20
21 Fjölmiðlar senda afar mismunandi skilaboð til þjóðfélagsins eftir því hvort kynið á í hlut.
22 Fræðimenn eru nánast á eitt sáttir um að þeir hafi veruleg áhrif þeirra á samtíð sína, jafnvel
23 svo mikil að þeir eru iðulega skilgreindir sem fjórða valdið.

24
25 Það er grundvallarréttur hvers manns að hann fái notið hæfileika sinna án tillits til kyns,
26 kynþáttar eða annarra tilfallandi atriða um persónu hans. Á það hljóta fjölmiðlar að leggja
27 áherslu í efnisvali sínu og umfjöllun, auk þess sem innra starf þeirra verður að draga dóm af
28 því. Að öðrum kosti sinna þeir ekki því hlutverki sínu að endurspegla flókinn
29 samfélagsveruleika með trúverðugum hætti. Með ójafnri umfjöllun um kynin og með því að
30 skapa og viðhalda stöðluðum kynjaímyndum eiga fjölmiðlar gríðarlega mikilvægan þátt í
31 kynjaskekkju samfélagsins.

32
33 Alþjóðasáttmálar eins og Pekingsáttmálinn leggja skyldur á herðar fjölmiðlum í
34 jafnréttismálum og niðurstöður allra þeirra kannana sem gerðar hafa verið á innihaldi
35 íslenskra fjölmiðla eru þess eðlis að þær hljóta að vekja alla til alvarlegrar umhugsunar og
36 vera starfsfólki og stjórnendum fjölmiðla ofarlega í huga í störfum sínum í framtíðinni.

37
38 Því hvetur landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs til þess að fjölmiðlum verði
39 falin sú ábyrgð í löggjöf um fjölmiðla að gera jafnréttisáætlun og samþættingu
40 jafnréttissjónarmiða að inntaki og starfsemi fjölmiðla sem hluta af þeim reglum sem þeir setja
41 sér um sjálfstæði ritstjórna og starfsmanna sinna sem sinna fréttum og fréttatengdu efni.
42 Fjölmiðlar fylgi lögum um jafnan rétt kvenna og karla og eftirlit með eftirfylgni laganna verði
43 hert.

44
45
46

Ályktanahópur

Ályktun um kvenfrelsi

Landsfundur VG telur það mikilvægt að bæði kynin komi jafnt að allri stjórnarsýslu og leggur því til að 15. grein jafnréttis laga verði breytt á þann veg að þau nái yfir starfshópa á vegum hins opinbera. (Þetta er í tilefni af samsetningu Starfshóps um atvinnumál).

Andrea Hjálmsdóttir, Dýrleif Skjöldal, Edward H. Huijbens, Guðrún Þórsdóttir, Hlynur Hallsson, Klara S. Sigurðardóttir, Kristín Sigfúsdóttir, Sóley Björk Stefánsdóttir

Ályktun gegn mansali og vændi

Landsfundur VG ályktar að beita þurfi bæði lögum og eftirliti lögreglu til að koma í veg fyrir mansal og vændi. Í því skyni þarf m.a. að stöðva vændisauglýsingar á internetinu og í blöðum.

Andrés Rúnar Ingason

Ályktun um kynjajafnaða ríkisstjórn

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn að Menningarhúsinu Hofi 28.–30. október 2011 telur að flokksforystan hafi ekki staðið sig sem skyldi í jafnréttismálum. Það er hlutverk flokks sem kennir sig við jafnrétti að tryggja að jafnt kynjahlutfall sé í ríkisstjórn sem og öllum skipuðum nefndum stjórnarinnar.

Stjórn UVG

Ályktun um forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn á Akureyri helgina 28.-30. október skorar á stjórnvöld að taka virkan þátt í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi og styðja áfram við þau samtök sem veita brotapolum aðstoð við að vinna úr reynslu sinni. Einnig að taka þátt í hverju því forvarnarstarfi sem leggur áherslu á ábyrgð gerandans en ekki brotapolans. Landsfundur telur að senda þurfi skýr skilaboð til samfélagsins um að eina leiðin til að komast hjá kynbundnu ofbeldi sé ef gerendur hætta að brjóta á fólki. Ennfremur skorar landsfundur á menntamálaráðherra að þrýsta á þá skóla sem ekki hafa tekið upp jafnréttisfræðslu að gera það hið fyrsta. Jafnréttisfræðsla getur verið öflug forvörn gegn hvers kyns kynbundnu ofbeldi og er sjálfsagður hluti af lífsleiknikennslu í grunnskólum landsins.

Stjórn UVG

Umhverfi, náttúra og auðlindir

Tillaga að ályktun um friðlýsingu Skjálfandafljóts

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn á Akureyri 28.-30. október 2011, skorar á þingmenn flokksins að beita sér fyrir friðlýsingu Skjálfandafljóts ofan Mjóadalsár. Með friðlýsingunni verði komið í veg fyrir hvers kyns röskun á náttúrulegum rennslisháttum og mannvirkjagerð á vatnasviði fljótsins ofan Mjóadalsár, að meðtöldum þverám þess. Markmið friðlýsingarinnar skal vera að varðveita landslag, lífríki og menningarminjar á svæðinu og tryggja möguleika til nytja í sátt við náttúru og umhverfi.

Trausti Aðalsteinsson, Ásta Svavarsdóttir, Sólveig Mikaelisdóttir, Hilmar Dúi Björgvinsson, Arnþrúður Dagsdóttir, Þórveig Traustadóttir

Ályktun um nýtingu auðlinda á láði og legi

Landsfundur VG vill að gengið verði frá löggjöf um auðlindanýtingu á láði og legi, þar sem tekin verða af öll tvímæli um eignarhald og girt fyrir alla tilburði til einkavæðingar, áður en farið verður að selja landið, gæði þess og auðlindir í hendur einkaaðila.

Andrea Hjálmsdóttir, Dýrleif Skjöldal, Edward H. Huijbens, Guðrún Þórsdóttir, Hlynur Hallsson, Klara S. Sigurðardóttir, Kristín Sigfúsdóttir, Sóley Björk Stefánsdóttir

Tillaga um náttúruvernd og Rammaáætlun

Mikil vinna liggur að baki Rammaáætlunar og margt hefur áunnist t.d. hafa Þjórsárver, Torfajökull, Kerlingarfjöll, Gjástykki og fleiri svæði verið flokkuð í verndarflokk, en baráttunni er ekki lokið.

Drögin að þingsályktunartillögu sem eru í vinnslu gera ráð fyrir því að þrjár virkjanir í byggð í neðri hluta Þjórsár fari í nýtingarflokk. Landsfundur VG haldinn á Akureyri 28. – 30. október telur að færa verði þessar virkjanahugmyndir upp í biðflokk vegna skorts á rannsóknum á mikilvægum sviðum.

Viðurkennt er að rannsóknir skortir á einstökum laxastofni Þjórsár, á lífríki flestra eyja árinna, á uppfoki úr árfarveginum við minnkað rennsli árinna, á grunnvatnstöðu á Skeiðum og í Flóa og á lífríki sjávar. Landslagsrannsóknir eru ófullnægjandi og af vanefnum gerðar.

Síðast en ekki síst hafa samfélagsleg áhrif virkjana í byggð ekki verið rannsökuð en þau eru þegar veruleg og neikvæð í byggðunum við ána. Áhrif á samfélag eru ein af grunnstöðum sjálfbærni, en ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á að starfa í anda sjálfbærni. Flokksráðsfundur Vinstri grænna í ágúst 2011 telur mikilvægt að ekki verði farið í virkjanaframkvæmdir í byggð við Þjórsá án fullnægjandi rannsókna á öllum þessum þáttum.

Fundurinn hvetur jafnframt þingmenn og ráðherra til að standa vörð um Jökulsárna í Skagafirði, Skjálfandafljót, Skaftá og Hólmsá sem nú eru á barmi nýtingar, sem og Stóru Sandvík á Reykjanesi sem nánast engin umræða hefur farið fram um. Þingmenn og ráðherrar

1 eru brýndir til að halda á lofti því sem einkennir málstað Vinstri grænna í umhverfismálum í
2 samstarfi við Samfylkinguna í ríkisstjórn.

3
4 *Stjórn Kjördæmisráðs VG í Suðurlandskjördæmi.*

5 **Ályktun um lífrænan landbúnað og erfðabreyttar lífverur**

6
7 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn á Akureyri 28.-30. október
8 2011 leggur áherslu á mikilvægi landbúnaðar sem einnar af undirstöðugreinum í atvinnulífi
9 landsins. Landsfundur skorar á Alþingi og stjórnvöld, í samráði við samtök bænda, að efla
10 lífræna landbúnaðarframleiðslu í landinu og láta vinna stefnumótun um
11 framtíðaruppbyggingu hennar. Í stefnumótuninni komi m.a. fram markmið um hlutfall
12 lífrænnar framleiðslu í heildarframleiðslu landbúnaðarafurða á Íslandi. Í framhaldi af því
13 verði lífrænni framleiðslu með samningsbundnum hætti, eigi síðar en við gerð næstu
14 búvörusamninga, skapaður möguleiki til stuðnings innan viðkomandi búgreinar.

15
16 Jafnframt krefst landsfundur þess að lögleitt verði bann við útiræktun á erfðabreyttum
17 lífverum. Slík ræktun getur valdið alvarlegum skaða á lífríkinu og samræmist auk þess ekki
18 þeirri hreinu ímynd sem íslenskur landbúnaður þarf að byggja á.

19
20 *Félagsfundur svæðisfélags VG á Héraði, Borgarfirði og Seyðisfirði*

21 **Bætt orkunýting raskaðra háhitasvæða**

22
23 Landsfundur VG hvetur til bættrar orkunýtingar á þeim jarðhitasvæðum sem þegar hafa verið
24 brotin undir virkjanir. Á háhitasvæðum sem einvörðungu eru nýtt til raforkuframleiðslu er
25 nýting jarðhitans léleg og í engu samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Með
26 bættri nýtingu jarðhitasvæða, s.s. með fiskeldi eða ylrækt, má efla atvinnulíf og auka
27 verðmætasköpun án þess að raska þurfi óröskuðum háhitasvæðum.

28
29 *Félagsfundur VG á Suðurnesjum*

30 **Vernd hafsvæða og vistvæn veiðarfæri**

31
32 Landsfundur VG hvetur til þess að strandsvæði og grunnslóðir verði í auknum mæli friðaðar
33 fyrir togveiðum og hlutdeild vistvænna veiða verði aukin.

34 *Félagsfundur VG á Suðurnesjum*

35 **Ályktun um þjóðgarð**

36
37 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs haldinn á Akureyri 28. – 30. október
38 2011 samþykkir, að nú þegar verði hafinn undirbúningur að stofnun þjóðgarðs er taki til
39 Þjórsárvera, Hofsjökuls, Orravatnsrústa, jökulanna í Skagafirði, friðlandsins í
40 Guðlaugstungum og Kerlingarfjalla.

41 *Félagsfundur VG í Skagafirði*

Ályktun um rammaáætlun

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs ályktar að ríkisstjórnin skuli skipa nýja verkefnisstjórn rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúruauðlinda á forsendum sjálfbærrar þróunar. Sú verkefnisstjórn byggji áfram á því góða og mikla starfi sem unnið hefur verið í náttúrufarsrannsóknnum og á þáttum er varðar nýtingu orkuauðlinda, en bæti við rannsóknnum sem sárlega vantar í niðurstöður annars áfanga rammaáætlunar. Næsta rammaáætlun, sú þriðja í röðinni, taki til samfélagsþátta, stjórnsýslu, landslags og nýtingu náttúrunnar á fleiri atvinnugreinum en orkunýtingu. Matið fjalli einnig um tilfinningalegt og fagurfræðilegt gildis landslags.

Biðflokkur rammaáætlunar verði stækkaður frá því sem lagt er til í drögum að þingsályktunartillögu iðnaðarráðuneytisins sem liggur fyrir Alþingi. Í biðflokk fari allar þær virkjanahugmyndir sem nú eru í nýtingarflokki en ekki er sátt um vegna skorts á samfélagsrannsóknnum eða rannsóknnum í þágu annarrar nýtingar en orkuvinnslu.

Með þessu yrði komið til móts við niðurstöður verkefnisstjórnar rammaáætlunar en í lokaskýrslu hennar er fjallað um skort á samfélagsrannsóknnum sem nauðsynlegar eru bæði til að uppfylla skilyrði sjálfbærrar þróunar og ná sátt um framkvæmdir. Í næstu rannsóknnum verði kappkostað að því að gera atvinnugreinum jafn hátt undir höfði. Sívaxandi hlutur ferðaþjónustu í landsframleiðslunni gefur tilefni til að sú grein komi til sérstakrar rannsóknar vegna samkeppni hennar og orkugeirans um sömu svæði.

Ályktanahópur

Ályktun um stjórnsýslu umhverfismála

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs leggur til að stofnað verði umhverfis- og auðlindaráðuneyti þannig að rannsóknir á náttúruauðlindum lands og sjávar, verndun þeirra og áætlanir um nýtingu verði á forræði ráðuneytisins,

Jafnframt að umsýsla og eftirlit með framkvæmd umhverfismála í einstökum fagráðuneytum verði eflað eftir því sem við á samkvæmt skipulagi og markaðri stefnu.

Þá leggur landsfundur til að stjórnskipulag umhverfismála verði endurskoðað þannig að starfandi verði þjóðgarðastofnun sem annist náttúruvernd í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum og umhverfisstofnun sem annist aðra framkvæmd umhverfismála.

Að lokum er lagt til að samráð við frjáls félagasamtök á sviði umhverfismála verði eflt og lögbundið náttúruverndarþing verði endurvakið.

Greinargerð

Í stefnu Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í umhverfismálum, Grænni framtíð, er lagt til að stofnað verði umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Byggir sú tillaga meðal annars á sögu umhverfismála á Íslandi en umhverfisráðuneyti var loks stofnað héraðs árið 1990 og var það gert af vanefnum á þeim tíma. Nú þegar Vinstrihreyfingin – grænt framboð situr í ríkisstjórn er hins vegar tækifæri til að efla ráðuneytið, efla skilvirka og markvissa stjórnsýslu á sviði umhverfismála, færa auðlindarannsóknir og áætlanir um nýtingu þeirra til hins nýja umhverfis- og auðlindaráðuneytis og veita um leið aukið fjármagn. Kveðið er á um þetta í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingar og er engin ástæða til annars en að hrinda þessu í framkvæmd hið fyrsta. Miklu skiptir

1 samhlíða þessu að efla stöðu umhverfismála annars staðar í stjórnsýslunni sem og á
2 sveitarstjórnarstigi og treysta stöðu umhverfis- og náttúruverndarnefnda.

3

4 Mikilvægt er að samhlíða breyttu stofnanafyrirkomulagi umhverfismála, með nýrri
5 Þjóðgarðastofnun og Umhverfisstofnun, verði mörkuð heildstæð stefna um umsýslu þjóðgarða
6 og verndarsvæða. Slíkt verður best gert í samstarfi við landeigendur og aðra réttshafa. Aðrar
7 opinberar stofnanir taki þátt í mati á náttúrufari og menningarminjum, t.d.
8 Náttúrufræðistofnun Íslands, Þjóðminjasafn Íslands og Fornleifavernd ríkisins.

9

10 Að lokum verður það seint ítrekað hve frjáls félagasamtök hafa mikilvægu hlutverki að gegna
11 við umhverfis- og náttúruvernd. Mikilvægur árangur hefur náðst með fullgildingu
12 Árósasáttmálans sem hefur tryggt aðkomu almennings að ákvörðunum sem varða
13 umhverfismál. Hins vegar er einnig mikilvægt að auka fjárstuðning við frjáls samtök á þessu
14 sviði og skapa þeim vettvang með því að endurvekja hið lögbundna náttúruverndarþing þar
15 sem saman komu fagfólk, fræðimenn, áhugafólk, frjáls félagasamtök og fulltrúar
16 stjórnsýslunnar.

17

Ályktanahópur

18

Ályktun um hvalveiðar

19

20 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs leggur til að skipulag hvalveiða verði
21 tekið til gagngerrar endurskoðunar, sjálfbærni veiðanna könnuð og þær metar út frá
22 heildarhagsmunum þjóðarbúsins, bæði efnahagslegum hagsmunum,
23 dýraverndunarsjónarmiðum og alþjóðlegum skuldbindingum. Ennfremur að griðasvæði hvala
24 í Faxaflóa verði stækkað, frá Eldey í suðri að ysta oddi Snæfellsness í norðri. Sambærileg
25 aðgerð verði skoðað fyrir norðan landið þar sem hvalaskoðun hefur verið vaxandi
26 atvinnuvegur.

27

Greinargerð

28 Hvalveiðar Íslendinga hafa verið umdeildar, bæði vegna þeirra áhrifa sem þær geta haft á
29 hinn blómlega atvinnuveg sem þróast hefur í kringum hvalaskoðun og vegna
30 dýraverndunarsjónarmiða. Í Grænni framtíð, umhverfisstefnu Vinstrihreyfingarinnar – græns
31 framboðs, er lagt til að veiðarnar verði metnar á heildstæðan hátt, út frá
32 umhverfissjónarmiðum og fleiri hafsvæði verði friðlýst sem griðasvæði hvala, til að byrja með
33 á Faxaflóa og einnig verði fleiri svæði skoðuð fyrir norðan land.

34

Ályktanahópur

Efling landvörslu, eftirlits og uppbyggingar á ferðamannaslóðum á hálendi Íslands og á óbyggðum svæðum

37

38 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs samþykkir að gert verði stóráttak í
39 eflingu landvörslu, eftirlits og uppbyggingar á ferðamannaslóðum á hálendi Íslands.
40 Landvörsluáætlun fyrir landið, með hálendið sem forgangsverkefni, verði unnin samhlíða
41 landnýtingaráætlun vegna ferðamennsku á miðhálendinu sem stefnt er á að lokið verði 2013.
42 Þar verði bæði hugað að friðlýstum svæðum og svæðum sem ekki njóta sérstakrar verndar
43 samkvæmt lögum.

44

Greinargerð

45 Vaxandi fjöldi ferðamanna sækir Ísland heim ár hvert og spár benda til að gestum muni
46 fjölga hér áfram. Friðuð svæði, óbyggðir og hálendi Íslands eru meðal þess sem helst laðar
47 fólk hingað. Ferðamennska og útivist í íslenskri náttúru veita innlendum og erlendum gestum

1 tækifæri til að upplifa nýbreytni og njóta hluta sem þeir hafa ekki í daglegu umhverfi sínu. Við
2 höfum siðferðislega skyldu til að vernda þessa náttúru og tryggja að hún varðveitist fyrir
3 komandi kynslóðir. Því verður að búa svo um hnúta að heimsóknir í hana grundvallist alltaf á
4 virðingu og skaði auðlindina ekki.

5
6 Nú er verið að vinna að landnýtingaráætlun vegna ferðamennsku á miðhálandi Íslands.
7 Samhliða henni verður að vinna að sérstakri landvörsluáætlun þar sem þörf fyrir landvörslu
8 á hálandinu er metin, skilgreint er hvar og hvernig á að framkvæma hana og hverjir eiga að
9 koma þar við sögu. Í slíkri áætlun þyrfti einnig að gera úttekt á því hvar helst skortir á
10 uppbyggingu og skipulag og tryggja fjármagn til að bæta þar úr. Það er ekki ásættanlegt að
11 vera alltaf í þeim sporunum að þurfa endalaust að reyna að bregðast við þegar eitthvað er
12 komið í gang. Sjálfbær þróun krefst þess að uppbygging verði hagað þannig að búið sé að
13 undirbúa sig áður en eitthvað gerist.

14
15 Hálandi Íslands er mjög viðkvæmt hvað varðar gróðurfar, jarðmyndanir og landslag. Öllum
16 heimsóknum fylgja álag og ummerki sem geta eyðilagt það sem skoðað er. Lítið þarf til að
17 varanleg spjöll verði. Hirðuleysi getur leitt til þess að svæðið glati gildi sínu og aðdráttarafli
18 til útivistarinnar sem leiddi til að þjóðin myndi missa auðlind sem veitir atvinnu og skapar
19 gjaldeyri. Það verður að stíga stærri skref til að vernda hálandi og óbyggðir, t.d. með
20 friðlýsingum þar sem stórar landslagsheildir og ferðasvæði eru vernduð. Jafnframt verður að
21 tryggja að slíku fylgi fjármagn svo hægt sé að útbúa aðstöðu og hafa fullnægjandi landvörslu
22 og eftirlit. Mörg friðlýst svæði njóta takmarkaðrar eða engrar landvörslu af því fjármunum er
23 ekki veitt til málaflokksins í samræmi við þörfina. Landvarslan er víða aðeins hluta úr ári þó
24 aðsókn á staðina sé einnig mikil á öðrum tímum. Stórir hlutar hálandisins eru heldur ekki
25 friðlýstir og enginn virðist telja sér skylt að standa straum af kostnaði sem hlýst af því að reka
26 þar landvörslu og uppbyggingu aðstöðu. Því verður hið opinbera að koma að þessum málum
27 með myndarlegum hætti áður en spjöllin verða slík að þau séu óafturkræf.

28
29 Landvarsla er nú nær eingöngu stunduð á friðlýstum svæðum. Hlutverk landvarða er
30 margþætt. Fræðsla um landið og mikilvægi náttúruverndar, upplýsingagjöf, eftirlit og
31 leiðbeining til ferðamanna eru meðal helstu starfa þeirra, auk þess sem þeir gegna mikilvægu
32 öryggishlutverki. Landverðir vinna því fjölbreytt þjónustustörf við móttöku ferðamanna.
33 Algjör nauðsyn er að landvarsla verði einnig tekin upp í einhverju formi á svæðum sem ekki
34 eru friðlýst. Þá þarf að styðja við bakið á annarri starfsemi sem hefur komið að eftirliti og
35 upplýsingagjöf á hálandinu, svo sem skálavörslu og hálandisvakt björgunarsveita og lögreglu.

36
37 Ályktanahópur

38 39 **Ályktun um vatn**

40
41 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs krefst þess að ráðherrar Vinstri grænna
42 og þingmenn beiti áhrifum sínum innan ríkisstjórnar og á Alþingi til að tryggja að eignarhald
43 á vatni verði í nafni íslensku þjóðarinnar. Jafnframt að eignarhaldi á jarðeign fylgi skilyrtur
44 afnotaréttur á því yfirborðsvatni sem á landareigninni finnst, sem og á því grunnvatni sem
45 liggur undir yfirborði jarðeignar. Tryggt verði að eignarrétti á landi fylgi ekki eignarréttur á
46 vatni.

1 Þessum áherslum verði fundinn staður í nýjum vatnalögum er taki til alls vatns, yfirborðsvatns
2 jafnt sem grunnvatns. Ennfremur skorar landsfundurinn á ráðherra, þingmenn og aðra féлага
3 og stuðningsmenn VG að beita sér að ákvæði sama efnis verði sett í stjórnarskrá.
4

5 Telur landsfundurinn það eðlilegt að forsjá vatnsmála falli undir umhverfis - og
6 auðlindaráðuneyti en ekki undir iðnaðarráðuneyti. Líta ber á vatn sem félagsleg,
7 menningarleg og vistfræðileg gæði sem ekki má fara með eins og hverja aðra verslunarvöru.
8
9

Greinagerð

10 *Fyrirliggjandi frumvarp um ný vatnalög er um margt ágætt, svo sem að þar er kveðið á um að*
11 *landeigendur hafi eingöngu afnotarétt að vatni. Frumvarpið er óviðunandi að því leyti að það*
12 *tekur aðeins til yfirborðsvatns. Allt grunnvatn og þar með megnið af öllu drykkjarvatni á*
13 *Íslandi, er í einkaeign landeiganda, samkvæmt lögum nr. 57 frá 1998 um auðlindir í jörðu. Er*
14 *sérhverjum landeigenda heimilt án frekara leyfis stjórnvalda, að nýta allt að 70*
15 *sekúndulítrum vatns til “ heimilis- og búsparfa, þar með talið til fiskeldis, iðnaðar og iðju...”*
16 *(Svo það sé sett í samhengi þá jafngildir það vatnsmagn 2.207.520.000 lítrum á ári eða*
17 *margfaldlega því vatnsmagni sem vatnsátöppunarverksmiðjan í Ölfusi flytur út. Duga 70*
18 *sekúndulítrar til ársneyslu fyrir 14,242 íbúa, ef miðað er við vatnsnotkun í Reykjavík. Ef*
19 *miðað er við vatnsneyslu eins og hún er í Vestmannaeyjum, þá dugar slík vatnstaka fyrir 47,*
20 *989 íbúa á ári!)*
21

22 *Þegar ný vatnalög Valgerðar Sverrisdóttur voru samþykkt árið 2006, þótti eðlilegt að þau*
23 *tækju til alls vatns í landinu, yfirborðsvatns jafnt sem grunnvatns. Landsfundur*
24 *Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs bendir á að einfaldasta leiðin til að tryggja*
25 *eignarhald þjóðarinnar á vatni og koma í veg fyrir megnið af drykkjarvatni landsmanna falli*
26 *undir einkaeignarréttindi landeigenda, er að taka grunnvatnið undan lögum um auðlindir í*
27 *jörðu og færa undir ný heildstæð vatnalög.*
28

Ályktanahópur

Mælikvarðar sjálfbærni

31 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs hvetur ráðherra flokksins til að fylgja
32 stefnu hans varðandi vernd vistkerfa, líffræðilegan fjölbreytileika, neytendavernd og
33 matvælaöryggi með því að innleiða mælikvarða sjálfbærni á sem flestum sviðum. Auka þarf
34 hlut lífrænt vottaðra matvæla í innlendri landbúnaðarframleiðslu og tryggja öflugna fræðslu til
35 neytenda um sjálfbæra neyslu og framleiðsluhætti. Þá þurfa ráðamenn að vera vakandi fyrir
36 því að beina opinberum innkaupum í auknum mæli inn á brautir sanngjarnra viðskipta (fair
37 trade), þar sem fylgt er sjálfbærum framleiðsluaðferðum. Loks er forysta flokksins hvött til að
38 setja í gang vinnu við að þróa mælikvarða sem greini í sundur hagvöxt þjóðarbúsins eftir því
39 hvort hann hvílir á sjálfbærum eða ósjálfbærum grunni.
40

Ályktanahópur

Merking erfðabreyttra matvæla

43 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs lýsir vonbrigðum með að
44 landbúnaðarráðherra skuli hafa látið undan þrýstingi SA, SI og SVP fyrir hönd innflytjenda
45 erfðabreyttra matvæla og frestað innleiðingu reglugerðar 1038/2010 um merkingu og
46 rekjanleika erfðabreyttra matvæla, sem birt var í stjórnartíðindum í lok desember 2010 og
47 ætlað að taka gildi 1. september sl. Fundurinn hvetur ráðherrann til að hafa hagsmuni

1 neytenda í fyrirrúmi og hvika í engu frá ströngum ákvæðum reglugerðarinnar og tryggja
2 gildistöku hennar án frekari tafa.

3 *Ályktanahópur*

4 **Ísland verði laust við erfðabreytta ræktun**

5
6 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs hvetur ríkisstjórnina til að koma
7 Íslandi í flokk sífellt stækkandi svæða í Evrópu og heiminum, sem lýst eru laus við
8 erfðabreytta ræktun. Fundurinn harmar að ekki skyldi reynast unnt að stöðva útiræktun á
9 erfðabreyttu byggi til lyfjagerðar í íslenskri náttúru og telur tímabært að Ísland verði lýst laust
10 við erfðabreytta ræktun.

11 *Ályktanahópur*

12 **Ályktun um lífræna ræktun**

13
14 Landsfundurinn skorar á þingflokk og ráðherra VG að fylgja eftir tillögu til þingsályktunar
15 um mótun framleiðslustefnu í lífrænum landbúnaði. Sérstaklega skal huga að
16 aðlögunarstyrkjum og að þeir verði í líkingu við það sem gerist í nágrannalöndum okkar.

17 **Greinargerð**

18
19 *Lífrænar aðferðir hafa um áratuga skeið verið notaðar í íslenskum landbúnaði með góðum*
20 *árangri og hafa þannig sannað sig með ótvíræðum hætti sem ræktunarform við*
21 *loftslagsaðstæður á norðurslóðum. Hafa ber í huga að hugtakið “lífrænt” [e. Organic]*
22 *byggir á alþjóðlega viðurkenndum skilgreiningum sem staðfestar eru í stöðlum, reglugerðum*
23 *og opinberri stefnumótun víða um heim.*

24
25 *Evrópusambandslöndin hafa verið með frá 2008 um 5% af sínum landbúnaði lífrænum og*
26 *tróna Austurríki og Danmörk þar efst. Áætlun sambandsins gengur út á að lífrænn*
27 *landbúnaður verði 20% árið 2020. Lífræn ræktun er einungis rétt um 1% af*
28 *landbúnaðarframleiðslu Íslands. Þó er almenningur farinn að kalla eftir lífrænum vörum í*
29 *auknu mæli hér á landi sem annarsstaðar. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um ágæti*
30 *lífrænnar ræktunar fyrir náttúruna í heild sinni því aðgengi að upplýsingum og fræðslu þar*
31 *að lútandi hefur verið nóg af. Því er brýnt að málaflokkurinn fái aðhald og forgang en það*
32 *verður einungis gert með stuðningi og stefnu stjórnvalda.*

33
34 *Sjálfbær þróun er ein aðal framtíðarsýn hreyfingarinnar, því hlýtur staða lífrænnar ræktunar*
35 *að vera okkur öllum áhyggjuefni.*

36 *Ályktanahópur*

Utanríkis-, alþjóða- og friðarmál

Um aðildarviðræður við ESB. Tillaga til landsfundar VG 2011

Vinstrihreyfingin – grænt framboð telur nú sem fyrr að hagsmunum Íslands sé best borgið utan Evrópusambandsins. Landsfundurinn ályktar að í yfirstandandi aðildarviðræðum beri að hafna öllum hugmyndum um að Ísland afsali sér forræði og yfirstjórn sjávarauðlinda innan íslenskrar efnahagslögsögu og samningsrétti vegna deilistofna á Íslandsmiðum (makrill, kolmunn, úthafskarfi, loðna og norsk-íslenska síldin). Sama á við um aðrar náttúruauðlindir sem fyrirhugað er að lýsa þjóðareign í nýrri stjórnarskrá.

Landsfundurinn bendir á þá miklu skerðingu lýðræðis sem felst í ESB-aðild ásamt fullveldisafsal á fjölmörgum sviðum. Þróun innan ESB að undanfögnu, nú síðast vegna átaka um framtíð evru-samstarfsins, stefnir í átt að enn frekari samruna með hertri miðstýringu. Með Lissabon-sáttmálanum er einnig kominn vísir að samstarfi um utanríkis- og hernaðarmálefni. Jafnframt eiga félagsleg sjónarmið, umhverfisvernd, fæðuöryggi og réttindi launafólks undir högg að sækja innan sambandsins.

Landsfundurinn telur það vera eitt af forgangsverkefnum VG, flokkseininga og þingflokks, að herða róðurinn við að upplýsa þjóðina um eðli og afleiðingar ESB-aðildar.

Greinargerð

Í eftirfarandi greinargerð er vakin nánari athygli en í ofangreindri tillögu á ýmsum þeim þáttum sem mæla gegn aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Fullveldisafsal

ESB-aðild felur í sér fullveldisafsal á fjölmörgum sviðum, m.a. varðandi löggjafarvald og dómvald. Með aðild yrði grundvallarbreyting sem veikja myndi stórlega stöðu Alþingis sem löggjafa og æðsta dómvald flyttist í hendur yfirþjóðlegs dómstóls ESB. Tollar yrðu afnumdir inn á við en tollmúrar reistir gagnvart ríkjum utan ESB. Sem aðildarríki hefði Ísland ekki heimild til að gera fríverslunarsamninga við lönd utan sambandsins. Aðild Íslands að Sameinuðu þjóðunum myndi í reynd færast undir ESB sem yfirleitt talar einni röddu á Allsherjarþinginu, svo og í nefndum og á alþjóðaráðstefnum Sameinuðu þjóðanna. Í utanríkis- og öryggismálum er nú kveðið á um samstarf og samræmingu á stefnu aðildarríkja undir forystu sérstaks utanríkistalsmanns ESB. Þessu til viðbótar stefnir nú í að mikilvægir þættir efnahags- og fjármála aðildarríkja verði færðir undir framkvæmdastjórn ESB í Brussel. Áhrifamiklir aðilar innan ESB tala nú opinskátt fyrir myndun sambandsríkis. Íslendingar eiga af fjölmörgum ástæðum, m.a. vegna legu landsins og sérstæðra og gjöfulla náttúruauðlinda, ekki að ganga slíku ríki á hönd.

Skerðing lýðræðis og fjarlægjar valdamiðstöðvar

Skert lýðræði, sem oft er vísað til sem „lýðræðishalla“, hefur einkennt ESB frá upphafi og orðið æ meira áberandi eftir því sem aðildarríkjum þess hefur fjölgað og framkvæmdastjórnin í Brussel náð undir sig fleiri málavæðingum. Stjórnskipuð 27 manna framkvæmdastjórn í Brussel með tugþúsunda starfslíði og umkringd herskörungum lobbýista hefur ein rétt til að leggja fram lagafrumvörp (tilskipanir) sem ráðherraráð ESB og Evrópuþingið síðan þurfa að samþykkja eftir flóknum reglum, m.a. um atkvæðavægi. Stöðugt heyrast kröfur um styrkingu ESB-þingsins en auknum áhrifum þess fylgir óhjákvæmilega minna vægi þjóðþinga

1 aðildarríkjanna. Áhugi á kosningum til Evrópuþingsins hefur verið mjög takmarkaður, í
2 síðustu kosningum var þátttakan aðeins um 43% og fór niður í 20% í sumum aðildarríkjum.
3 Á Evrópuþinginu fengi Ísland í mesta lagi 6 fulltrúa en nú eru fulltrúar þar 736 alls. Í
4 ráðherraráðinu yrði hlutur Íslands líka langt innan við 1% atkvæða af um 350 alls. Fjarlægð
5 Íslands frá meginlandinu og valdastofnunum ESB takmarkar enn frekar möguleika til áhrifa,
6 svo ekki sé talað um að íslenskur almenningur geti haft áhrif með nærveru sinni eins og gerist
7 gagnvart innlendum stofnunum, m.a. með útifundum og öðrum samkomum.

9 **Sjávarútvegur og aðrar auðlindir**

10 Í tillögunni eru í upphafi nefnd atriði þar sem útilokað er fyrir Íslendinga að gefa nokkuð eftir
11 með tilliti til grundvallarhagsmuna og sem varða yfirráð auðlinda innan íslenskrar
12 efnahagslögsögu. Brýnt er að fá það sem fyrst skýrt fram í yfirstandandi viðræðum, hvort
13 ESB sé reiðubúið að fallast á að Ísland sem aðili að ESB haldi fullu og óskoruðu forræði og
14 yfirstjórn sjávarauðlinda innan efnahagslögsögunnar og samningsrétti vegna deilistofna á
15 Íslandsmiðum. Sé svarið við þessu neikvætt er ástæðulaust að eyða tíma og fjármunum í
16 frekari viðræður. Framkomnar hugmyndir um breytingar á sjávarútvegsstefnu ESB breyta
17 engu um grunnþætti sáttmála ESB á þessu sviði. Tillögur framkvæmdastjórnar ESB um
18 breytingar á sjávarútvegsstefnunni falla nú þegar í grýtta jörð hjá ýmsum og langan tíma mun
19 taka áður en niðurstaða er fengin.

20 Svipuðu máli og um fiskimiðin gegnir um aðrar náttúruauðlindir sem VG hefur barist fyrir að
21 lýstar verði þjóðareign og sem vaxandi hljómgrunnur er fyrir að kveðið verði á um í nýrri
22 stjórnarskrá. Þetta á m.a. við um ferskvatn, orku fallvatna, jarðhita og önnur auðævi í jörðu.

24 **Landbúnaður: fæðu- og matvælaöryggi ógnað**

25 Kröfur ESB um aðlögun íslensks landbúnaðar að laga- og stofnanakerfi ESB liggja nú fyrir.
26 Þær leiða í ljós að krafist er fyrirfram aðlögunar þessara þátta, áður en fyrir lægi hvort
27 aðildarsamningur yrði samþykktur af Íslands hálfu. Bændasamtökin hafa brugðist við með því
28 að setja fram við íslensk stjórnvöld lágmarkskröfur um skýr samningsmarkmið af þeirra hálfu
29 í viðræðum við ESB. Undir þá afstöðu hefur landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra tekið enda
30 er hún réttmæt og eðlileg. Heildstæð viðbrögð stjórnvalda liggja hinsvegar enn ekki fyrir.
31 Ljóst er að með afnámi tollverndar yrði samkeppnisstaða innlendrar landbúnaðarframleiðslu
32 veikt til mikilla muna. Jafnframt yrði fæðu- og matvælaöryggi þjóðarinnar stefnt í tvísýnu.
33 Tæknivæddum stórbúskap fylgir aukin mengunar og sýkingarhætta, að ekki sé talað um
34 meðferð og velferð búfjár. Krafa ESB um afnám banns við innflutningi búfjár skapar
35 stórhættu á búfjárjúkdómum og með því væri gengið gegn alþjóðlegum skuldbindingum um
36 að þjóðir viðhaldi erfðauðlindum, bæði í villtum og ræktuðum tegundum. Ekki er síður
37 alvarlegt að með ESB-aðild fengi verksmiðjubúskapur meira forskot en nú er gagnvart
38 lífrænni ræktun og fjölskyldubúum í sveitum, en það er rekstrarform sem hlúa ber að.

40 **Umhverfisvernd víkjandi fyrir viðskiptahagsmunum**

41 Þrátt fyrir ýmsa jákvæða viðleitni eiga umhverfismál innan ESB á heildina lítið á brattan að
42 sækja. Viðskiptahagsmunir eru almennt ráðandi á kostnað umhverfissjónarmiða, og koma þar
43 einnig til reglur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Samkvæmt EEA (Umhverfisstofnun Evrópu)
44 er vistspor ESB neikvætt sem heild svo miklu munar. Milli 1990 og 2008 minnkaði
45 heildarlosun gróðurhúsalofts í ESB-ríkjum um 11%, en jókst á ný 2010, og óvíst er nú talið að
46 markmiðinu um 20% samdrátt verði náð 2020, hvað þá meira eins og kallað er eftir af
47 mörgum. Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir hefur reynst meingallað og mikið hefur
48 verið um svindl og misnotkun. Stórfelld aukning hefur orðið í losun frá samgöngum innan
49 ESB, einkum vegna þungaflytninga, en mestur árangur náðst í sorpeyðingu.

1 Landbúnaðarstefna ESB (CAP) sem einkennst hefur af miklum niðurgreiðslum og
2 útflutningsbótum hefur verið afar umdeild og nýframkomnar tillögur að breyttri
3 landbúnaðarstefnu sæta gagnrýni, m.a. frá umhverfissamtökum. Jafnframt hefur ESB nýlega
4 slakað mjög á reglum um ræktun erfðabreyttra lífvera. Sjávarútvegsstefna ESB (CFP) hefur
5 leitt til gegndarlausrar ofveiði og tillögur að breyttri stefnu, sem m.a. gerir ráð fyrir
6 framseljanlegum veiðikvótum, eiga langt í land með að hljóta samþykki. Frá 2008 hafa
7 pólitískar áherslur innan ESB eins og víðar færst frá umhverfissviðinu yfir á glímuna við
8 afleiðingar ósjálfbærs efnahags- og fjármálakerfis.

9 Náttúra Íslands á hér hvergi hliðstæðu og á sviði náttúruverndar þurfa Íslendingar að
10 taka mið af eigin aðstæðum, víðlendum óbyggðum og jarðfræðilegum sérkennum. Samvinna
11 við aðrar þjóðir er þó sjálfsgöð, m.a. innan Evrópu, eins og þegar er stunduð í krafti
12 alþjóðlegra sáttmála.

13

14 **Fjármagnið ræður för**

15 Gangverk Evrópusambandsins er í grunninn hákapítalískt með óheft fjármagnsflæði og
16 fjölpjódafyrirtæki sem leiðandi afl. Jafnframt hefur komið skýrt í ljós að undanfögnu, að það
17 eru Þýskaland og Frakkland sem telja sig eiga að ráða för þegar á reynir innan sambandsins,
18 hvað sem líður formreglum. Í ESB þrengir markaðurinn sér stig af stigi inn á svið opinberrar
19 þjónustu, studdur af úrskurðum ESB-dómstólsins í Lúxemborg sem í dómsniðurstöðum tekur
20 oftast mið af markmiðum stofnsáttmála ESB um samruna og aukna samkeppni. Það sem hefur
21 verið að gerast á evru-svæðinu að undanfögnu afhjúpar að það eru hagsmunir fjármagns sem
22 þar ráða för. Þessa dagana er verið að leggja á ráðin um að ausa gífurlegum fjárfúlgum úr
23 sameiginlegum sjóðum og frá almenningi í einkabanka og aðrar fjármálastofnanir. Herða á
24 síðan á spennitreyju evrunnar með miðstýrðum ákvörðunum og boðvaldi frá Brussel um
25 fjármál aðildarríkjanna, þar sem niðurskurður velferðarþjónustu er efstur á blaði og
26 jaðarsvæði verða harðast úti.

27

28 **Launafólk á undir högg að sækja**

29 Launamunur og bil milli ríkra og fátækra hefur farið vaxandi innan ESB. Atvinnuleysi er nú
30 að meðaltali 9,5% á ESB-svæðinu og um 20% hjá ungu fólki undir 25 ára aldri. Á Spáni þar
31 sem ástandið er verst er atvinnuleysi um 21% og yfir 40% hjá ungu fólki. Samningsstaða
32 launafólks hefur veikt, m.a. vegna undirboða milli landa (þjónustutilskipun ESB) og dóma
33 ESB-dómstólsins (Laval-málið). Vinnuréttur er nú orðinn hluti af ESB-regluverki (Vaxholm-
34 dómurinn 2007 og Viking-Line-dómurinn 2008). Niðurskurður hefur bitnað á velferð og
35 lífeyrisskuldbindingum og víða er verið að hækka eftirlaunaaldur. – Aðild að ESB hefur orðið
36 til að veikja samnings- og réttarstöðu launafólks og ekki er séð fyrir endann á þeirri þróun.

37

38

39 **Opinber almannaðjónusta í spennitreyju**

40 Opinber almannaðjónusta hefur lengi átt undir högg að sækja innan ESB, sem hefur haft
41 tilhneigingu til að skilgreina slíka þjónustu á markaði. ESB skiptir almannaðjónustu í tvo
42 flokka, annan sem er þröngur flokkur „kjarnaþjónustu“ á borð við lögreglu og her og kallast
43 „þjónusta sem ekki er af efnahagslegum toga“. Hinn flokkurinn sem er mun stærri kallast
44 „þjónusta í almannaðjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu“. Þar undir falla t.d.
45 heilbrigðisþjónusta, félagsþjónusta og veitubjónusta. Um þá þjónustu gilda reglur innri
46 markaðarins nema í undantekningartilvikum. Þessa tvískiptingu er nú í fyrsta sinn að finna í
47 lögum um þjónustuviðskipti. Mjög mikilvægt er að íslensk stjórnvöld leitist við að tryggja að
48 opinber almannaðjónusta falli ekki undir markaðsreglur ESB, meðal annars er afar
49 varhugavert að fella slíka þjónustu undir hlutafélagaformið.

Áhugi ESB á aðild Íslands vegna norðurslóða

Ekki hefur farið dult áhugi ESB á aðild Íslands m.a. vegna aukinna ítaka sem það myndi veita Evrópusambandinu til að hlutast til um málefni norðurslóða. Í ályktun Evrópuþingsins 20. janúar 2011 um stefnu ESB fyrir norðurheimsskautssvæðið er vikið að aðildarumsókn Íslands með þessum orðum:

„[Evrópuþingið] beinir sjónum að þeirri staðreynd að framtíðaraðild Íslands að ESB myndi breyta Evrópusambandinu í strandeiningu á Norðurslóðum (Arctic coastal entity) og að umsókn Íslands um aðild undirstrikar þörfina á samræmdri Norðurslóðastefnu ESB og gefur hernaðarleg tækifæri fyrir ESB til virkari afskipta og myndi leiða til fjölpættar stjórnar á heimsskautssvæðinu; [þingið] telur að aðild Íslands að ESB myndi treysta í sessi nærveru ESB í Norðurheimskautsráðinu.]

Fáum dylst að það er sóknin í náttúruauðlindir á norðurslóðum, einkum olíu og jarðgas, sem mestu ræður um kapphlaup stórvelda og ESB um aukin ítök á norðurheimskautssvæðinu.

Utanríkis- og hernaðarmálefni

Með Lissabon-sáttmála hefur verið stofnað embætti yfirmanns utanríkis- og öryggismála ESB. Sá hinn sami er varaformaður framkvæmdastjórnar ESB. Sett hefur verið á fót Samvinnustofnun hermála, komið á sérstökum Evrópuherdeildum (EU Battlegroups) og Ráðherraráðið og Evrópuþingið hafa samþykkt að stofna skuli hið fyrsta 60 þúsund manna her (Eurocorps). Vopnasala hefur lengi verið stór liður í atvinnustarfsemi margra ESB-ríkja. „Aðildarríkin skulu auka hernaðarmátt sinn“ segir í 42. grein Lissabon-sáttmálans. Evrópusambandið býr sig þannig undir að verða hernaðarstórveldi.

Góð samskipti við umheiminn án ESB-aðildar

Ísland er í miðlægri stöðu landfræðilega á Norður-Atlantshafi, í þjóðbraut milli austurs og vesturs og lægi einnig vel við vaxandi samskiptum milli Evrópu og Austur-Asíu eftir nýjum siglingaleiðum. Ef Íslendingum auðnast að halda þétt utan um náttúruauðlindir sínar til lands og sjávar og vernda umhverfið fyrir mengun og ofnýtingu er unnt að halda hér uppi sjálfbæru og þróttmiklu menningarsamfélagi til jafns við það sem best gerist annars staðar. Góð samskipti við ESB og aðrar viðskipta- og ríkjasamsteypur eiga eftirleiðis sem hingað til að vera hluti af utanríkissamskiptum sjálfstæðs og fullvalda Íslands.

Undir ályktunina skrifa: Hjörleifur Guttormsson, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Anna Margrét Birgisdóttir, Anna Guðrún Þórhallsdóttir, Bjarni Harðarson, Bjarni Jónsson, Björn Vigfússon, Brynja B. Halldórsdóttir, Garðar Mýrdal, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Gunnar Guttormsson, Helgi Seljan, Hrafnkell Lárusson, Ingunn Snædal, Jón Torfason, Kolbrún Halldórsdóttir, Loftur Guttormsson, Ólafía Jakobsdóttir, Páll Hannesson, Ragnar Arnalds, Sigurður Flosason, Sólveig Anna Jónsdóttir, Steinarr Guðmundsson, Þorsteinn Bergsson, Þórarinn Magnússon

Ályktun um NATÓ

Landsfundur VG áréttar kröfuna um að Ísland segi sig úr hernaðarbandalaginu Nató. Einnig gerir landsfundur þá kröfu að sagt verði upp samningum um „loftrýmiseftirlit“. Þessar flugæfingar herþotna yfir byggð eru óþarfar, truflandi, skapa hættu, óöryggi og hræðslu hjá fólki.

1 *Andrea Hjálmsdóttir, Dýrleif Skjöldal, Edward H. Huijbens, Guðrún Þórsdóttir, Hlynur*
2 *Hallsson, Klara S. Sigurðardóttir, Kristín Sigfúsdóttir, Sóley Björk Stefánsdóttir*

3 **Ályktun um Ísland úr NATO og andstöðu við hernaðaraðgerðir þess**

4
5 Landsfundur VG áréttar stefnu VG um úrsögn Íslands úr NATO. Þessi stefna er áréttuð nú
6 vegna nýjustu aðgerða hernaðarbandalagsins og einstakra ríkja þess. Með hernaðaraðgerðum
7 NATO í Líbíu er farið langt út fyrir nokkrar samþykktir öryggisráðs SP og með morði
8 dauðasveita Bandaríkjahers á Bin Laden voru brotin bæði alþjóðalög og lög eigin landa.

9
10 *Andrés Rúnar Ingason*

11 **Ályktun um sjálfstætt ríki Palestínu**

12
13 Landsfundur VG vill að ríkisstjórn Íslands beiti sér fyrir alþjóðlegri viðurkenningu á
14 sjálfstæðu ríki Palestínu og aðild þess að Sameinuðu þjóðunum. Miða skal landamæri
15 palestínska ríkisins við það sem þau voru fyrir sexdagastríðið 1967. Þá er mikilvægt að verja
16 rétt palestínsku þjóðarinnar til vatns og annarra auðlinda, ferðafrelsis, búsetu, atvinnu og
17 mannréttinda.

18 *Andrés Rúnar Ingason*

19 **Úrsögn úr NATO**

20
21 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn á Akureyri dagana 28. til 30.
22 október, fagnar tillögu þingflokks VG um úrsögn úr NATO.

23 *Aðalfundur VG á Hornafirði*

24 **Ályktun um hervæðingu**

25
26 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn á Akureyri helgina 28.-30.
27 október ítrekar þá stefnu sína að Ísland skuli hafna hervæðingu, standa utan
28 hernaðarbandalaga og tala fyrir friði á alþjóðavísu.

29 *Stjórn UVG*

30 **Ályktun um flóttamenn**

31
32 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn á Akureyri helgina 28.-30.
33 október harmar að staða hælisleitenda á Íslandi sé enn ófullnægjandi þrátt fyrir að þessi
34 málefni séu nú í höndum ráðherra úr röðum Vinstri grænna.
35 Ljóst er að Útlendingastofnun er ekki í stakk búin til að taka á málum hælisleitenda. Úr því
36 þarf að bæta tafarlaust í stað þess að skýla sér á bak við fjárskort því starf hennar hefur
37 úrslitaáhrif á líf fólks.

38
39 Einangrun hælisleitenda, stöðugur ótti við tafarlausan brottflutning og það að úrvinnsla
40 umsókna dregst oft fram úr hófi, er eitthvað sem engin manneskja á að þurfa að búa við. Við
41 það bætast algeng og óþarfa brot á þeirri slöku reglugerð sem unnið er eftir við meðhöndlun
42 umsókna.

43
44 Það er engin lausn á vandanum að skýla sér á bak við Dyflinnar-sáttmálann og vísa

1 hælisleitendum aftur til annarra landa í Evrópu. Staða þeirra þar er engu skárri og víða mun
2 verri. Af þeim sökum skal Ísland ekki miða sig við þau lönd heldur leitast til að bæta stöðu
3 þeirra sem hingað leita á eigin forsendum. Grundvallarhugsunin á bak við vinnslu umsókna
4 ætti ávallt að vera viðleitni til þess að veita hælisleitendum nauðsynlega aðstoð, eins og unnt
5 er, út frá siðferðilegu mati og mannúðarsjónarmiðum en ekki út frá því hve lítið er hægt að
6 gera með tilliti til reglugerða.

7

8 Landsfundur Vinstri grænna skorar á ráðherra flokksins að setja þessi mál á oddinn og breyta
9 kerfinu svo það geti sinnt hlutverki sínu sem skyldi. Auk þess skorar landsfundur á ráðherra
10 að beita sér innan ríkisstjórnarinnar fyrir alþjóðlegu átaki í málefnum hælisleitenda líkt og
11 kveðið er á um í stefnu flokksins.

12

Stjórn UVG

13

Ályktun um ESB

14

15 Vinstrihreyfingin – grænt framboð telur nú sem fyrr að hagsmunum Íslands sé best borgið
16 utan Evrópusambandsins. Mikilvægt er að fram fari opin og lýðræðisleg umræða í
17 samfélaginu um kosti og galla Evrópusambandsaðildar og þær breytingar sem aðild myndi
18 hafa í íslensku samfélagi. Breytingar á Evrópusambandinu á undanförunum árum og sú ólga
19 sem nú er í efnahagsmálum í Evrópu kallar á sífellt endurmat á stöðu Íslands í samstarfi
20 Evrópuríkja. Fjármálakreppan hefur varpað ljósi á að hagsmunir fjármagnsins ráða mestu
21 innan ESB þegar á reynir. Verði viðbrögð ESB eða Evruríkjahópsins að auka miðstýringu í
22 efnahags- og ríkisfjármálum sem dregur enn úr sjálfstjórn smærri ríkja hlýtur það að gera
23 aðild Íslands enn ófýsilegri en ella. Ísland á nú, samkvæmt ákvörðun Alþingis í viðræðum við
24 ESB og leggur landsfundur VG áherslu á að ferlið leiði til efnislegrar niðurstöðu. Sem fyrst
25 verði látið reyna á grundvallar hagsmuni Íslands og takist samningar þá verði þeir til lykta
26 leiddir í þjóðaratkvæðagreiðslu enda þjóðarinnar að taka ákvörðun um framtíð sína í þessu
27 mikilvæga máli. Landsfundur VG leggur áherslu á flokkurinn beiti sér í umræðu um
28 Evrópumál í samræmi við eindregna afstöðu sína og byggi á grundvallarstefnumiðum
29 flokksins um jöfnuð, kvenfrelsi, sjálfbæra þróun og sjálfstæða utanríkisstefnu. Þá mun VG
30 tryggja að íslenskt stjórnkerfi verði ekki aðlagð stjórnkerfi ESB nema þjóðin samþykki aðild
31 enda hefur ítrekað komið fram að ESB gerir ekki slíkar kröfur í þessum viðræðum.

32

33

Ályktanahópur

34

Ályktun um NATO, friðlýsingu og öryggisstefnu

35

36 Ísland á að standa utan hernaðarbandalaga og hafna vígvæðingu. Ísland á að beita sér fyrir
37 útrýmingu gereyðingarvopna og kjörnir fulltrúar VG eiga að beita sér fyrir að friðlýsingu
38 Íslands fyrir kjarnorkuvopnum sem boðuð er í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar verði
39 lokið sem fyrst. Enn fremur leggur landsfundur VG áherslu á að Ísland hætti þátttöku í
40 hermálaráði Atlantshafsbandalagsins sem fyrst.

41

42 Fundurinn hvetur til þess að sem fyrst verði lokið við stefnumótun í utanríkis- og
43 öryggismálum sem tekur mið af breyttri heimsmynd og nýrri og víðari skilgreiningu á
44 öryggishugtakinu þar sem tekið verði mið af öðrum ógnum en ímynduðum hernaðarógnum.

45

46

Ályktanahópur

Ályktun um Palestínu

1
2
3
4
5
6
7

Landsfundur VG lýsir fullum stuðningi við sjálfstæðisbaráttu palestínsku þjóðarinnar og styður viðurkenningu Íslands á sjálfstæði Palestínu miðað við landamærin frá 1967.

Ályktanahópur

Stefna Vinstri grænna í málefnum Íslands og norðurslóða:

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs samþykkir að fela kjörnum fulltrúum hreyfingarinnar að vinna að því að

- Norðurskautsráðið verði eftl.
- Háskólinn á Akureyri og samstarfsstofnanir fái svigrúm til að þróa áframhaldandi rannsóknir og kennslu í málefnum norðurslóða.
- Ísland marki sér stöðu sem miðstöð björgunar og viðbragða við umhverfisslysum á norðurslóðum.

Og að skipaður verði hópur á landsfundi sem móti stefnu Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í norðurslóðamálum fyrir landsfund og kosningar 2013.

Greinargerð

Norðurslóðir jarðkringlunnar er það svæði sem einkennist af smáum, dreifðum og fámennum samfélögum frumbyggja og innflytjenda, viðkvæmum vistkerfum og jafnan einhæfri atvinnustarfsemi. Norðurlóðir eru eitt það svæðið sem minnst hefur verið raskað af nútíma iðnaðarsamfélaginu. Við norðurheimskautið liggja landamæri valdamestu ríki heims, en innan þeirra eru sum þau samfélög sem minnst mega sín í nútímanum. Svæðið hefur að geyma margar þær auðlindir sem eftirsóttastar eru, s.s. málma, olíu, veiðislóðir og ósnerta náttúru. Sumar þeirra hafa til þessa verið torsóttar. Með breyttu loftslagi, aukinni eftirspurn eftir auðlindunum og tæknigetu til að vinna þær er ágangurinn stöðugt meiri sem hefur mikil áhrif á viðkvæma náttúru og samfélög manna.

Ísland tilheyrir þessu svæði að öllu leyti og þær áskoranir sem blasa við fámennum samfélögum í viðkvæmum vistkerfum eiga allar við hér. Við alla atvinnuuppbyggingu og skilgreiningu sóknarfæra þessara samfélaga þarf því að taka tillit til þessa samhengis. Uppbygging og áætlunargerð Vinstri grænna ættu því að taka mið að eftirfarandi leiðarstefjum:

- Íslendingar eiga að skilgreina sig sem strandríki á norðurslóðum og þannig horfa til ríkja norðurheimskautsins, sérstaklega nágrannalandanna Færeyja og Grænlands, þegar kemur að skilgreiningu sóknarfæra. Við eigum að horfa þangað fyrst og fremst við miðlun og öflun þekkingar.
- Íslendingar eiga að miða sín sóknarfæri út frá viðkvæmni vistkerfa norðurslóða og fámenni samfélaga og horfa þannig til smærri og fjölbreyttari lausna í takt við það sem fyrir er.

Þessi leiðistef birtast í málefnaástoðum VG almennt og einnig með sértækari hætti. Í þessu samhengi verður að líta til þeirrar siðferðilegu afstöðu til samfélags og umhverfis sem sett hefur verið fram í riti Vinstrihreyfingarinnar- græns framboðs „Grænni framtíð“.

Velferð, jafnrétti og félagslegt réttlæti

Tryggja þarf að frumbyggjar fái að skilgreina stöðu sína og skipuleggja framtíð sína og viðfangsefni út frá þeim félagslega, menningarlega, efnahagslega raunveruleika sem þeir búa við. Að þekking þeirra og lífshættir sem hafa byggst upp út frá sjálfbærri nýtingu á náttúrunni, geti nýst okkur til þess að ná tökum á þeim vandamálum sem við stöndum frammi fyrir í umhverfi okkar. Með hraðari umhverfisbreytingum verður að tryggja að hefðbundin þekking

1 fáí hlutverk í að skilgreina þær lausnir sem notast eiga til að bregðast við. Þannig verður að
2 tryggja aðkomu allra að ákvarðanatöku og rétt frumbyggja og samtaka þeirra sem og
3 heimafólks til að hafa áhrif á gang mála. Engu að síður verður það ferli að byggja á opnum og
4 gegnsæjum vinnubrögðum, sem tryggja rétt allra og félagslegt réttlæti í stjórnsýslu og stofnun
5 viðskiptasambanda. Lagt er til að samdar verði leikreglur um samskipti á norðurslóðum, sem
6 byggi á alþjóðlegum samningum, s.s. hafréttarsáttmála SP en ekki síður á mati fremstu
7 fræðimanna um góða heildstæða stjórnhætti á svæðinu sem t.d. má finna í nýlegum
8 niðurstöðum Arctic Governance Project verkefnisins.

9
10 Ísland getur verið þungamiðja úrvinnslu og eftirfylgni slíkra leikreglna vegna staðsetningar
11 sinnar í norðanverðu Norður Atlantshafi, einu meginhliða að norðurslóðum.

- 12
- 13 • Norðurskautsráðið verði eftt og því boðin aðstaða og aðstoð við samráð og
14 samvinnufundi um málefni norðurslóða, þar sem markmiðið er að semja
15 samskiptareglur á norðurslóð.
- 16 • Opin, gagnvirk og gagnsæ stjórnsýsla og stjórnvísi verði leiðistef í samskiptum um
17 málefni norðurslóða.
- 18 • Horft verður til að efla verslun og viðskipti við nágrannalönd í víðum skilning, þar
19 sem einnig er horft til þeirrar opinberu þjónustu sem Ísland getur boðið, s.s. í
20 heilbrigðis- og skólaþjónustu.
- 21 • Varðveita og styrkja þarf menningararf frumbyggja og smárra samfélaga sem þróast
22 hafa við nýtingu lifandi náttúruauðlinda. Í hefðbundnum lífsháttum geta leynst
23 sjálfbærar lausnir framtíðar.
- 24
- 25

Umhverfisvernd

26 Það sem einkennir norðurslóðir eru viðkvæm vistkerfi og stór svæði þar sem mannvist hefur
27 ekki raskað því sem náttúran hefur skapað. Með breytingum í loftslagi er mest hættu á að
28 vistkerfi norðurslóða raskist og því er mjög brýnt að eftirliti og rannsóknum á þessum
29 breytingum verði haldið á lofti. Aukinn skilningur á þessum ferlum gerir okkur hæfari til þess
30 að bregðast við og breyta um stefnu. Íslenskt vísindafólk býr yfir mikilli þekkingu á vistkerfi
31 norðurslóða og brýnt er að tryggja samvinnu um viðhald þessarar þekkingar og miðlun hennar
32 til granna okkar á norðurslóðum.

- 33
- 34 • Þekking sem byggð er upp um áhrif loftslagsbreytinga á norðurslóðum verði nýtt í
35 baráttu til þess að stemma stigum við þeim ferlum sem valda þessum breytingum.
- 36 • Umhverfissjónarmið og hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar verði alltaf höfð til
37 grundvallar auðlindanýtingu og í forgrunni túlkunar á hafréttarsáttmálanum og
38 samningum um sameiginlega nýtingu fiskistofna.
- 39 • Áhersla í fræðastarfi Háskólans á Akureyri verði á málefni norðurslóða, hvort sem um
40 er að ræða hjúkrun eða kennsla á norðurslóðum, samfélags og hagþróun norðurslóða
41 eða nýtingu auðlinda og sköpun atvinnu/viðskiptatækifæra í samfélögum norðurslóða.
- 42 • Flugumferðarstjórnþæki, ratsjárstöðvar og önnur hernaðarmannvirki verði nýtt í
43 vöktun með umhverfi, áhrifum mannvistar og ágangi fólks.
- 44 • Ísland marki sérstöðu sem miðstöð björgunar og viðbragða við umhverfisslysum
45 og nýti þekkingu sem til er hjá Landsbjörgu um björgun í N. Atlantshafi.
- 46

Kvenréttindi

47
48 Öll samfélög á norðurslóð voru innlimuð inn í þjóðríkið. Þessi samfélög eru um margt mjög
49 ólík innbyrðis sem og tilurð og saga þeirra ríkja sem þau voru innlimuð í. Þessu fylgdi kúgun

1 og harðræði sem hefur sett mark sitt á þessi samfélög. Framandi gildismati og þar með
2 hugmyndum um stöðu kynjanna var þvingað upp á samfélögin meðal annars í gegnum
3 skólakerfi og efnahagskerfi. Aftur er svo gildismat úr suðri fest frekar í sessi þegar þjóðríkin
4 losa á klónni og færa vald og ákvarðanatöku aftur inn í samfélögin. Valdinu hefur þá verið
5 úthlutað eftir forskrift feðraveldisins. Körlum hefur verið úthlutað völdum og stöðu sem að
6 endurspeglar gildismat úr framandi heimi.

- 7
- 8 • Forðast verður að nota hugmyndir úr suðri um jöfnuð sem eru aðeins líklegri til þess
9 að festa frekar í sessi gildismat og aðferðir sem að hafa leitt til vandans eins og hann
10 blasir nú við.
- 11 • Gefa þarf samfélögum færi á að leita uppsprettu úr upprunalegri menningu sinni til
12 áframhaldandi þróunar samfélagsins, efla þau til að leita fyrirmynda um jafnari stöðu
13 kynjanna í tíma fyrir tilkomu þjóðríkisins sem og að horfa til nýrra hugmynda um
14 kvenfrelsi.
- 15 • Ofbeldi gegn konum í kjölfar þess að grafið hefur verið undan grunnstöðum
16 samfélaganna er mikið vandamál. Finna þarf leiðir til þess að efla jafnt karla og konur
17 til þess að vinna gegn og bregðast við ofbeldi. Tiltæk reynsla og fjármagn héðan til
18 aðstoðar þolendum er hugsanlegt fyrsta skref.
- 19

20 **Félagsleg alþjóðahyggja - friður og samvinna**

21 Átta þjóðir eiga landsvæði sem tilheyra norðurslóðum og koma þar saman margir ólíkir
22 hagsmunir þjóðríkja og frumbyggja. Tryggja þarf að hagsmunir verði ekki varðir með hernaði
23 og nýting á því sem svæðið hefur að bjóða verði í samvinnu þessara ólíku aðila og á
24 grundvelli samninga. Grundvöllur þeirrar samningagerðar verði þau markmið sem sett eru
25 nýrri stjórnsýslu á norðurslóðum sem einkennist af jöfnuði og virku lýðræði.

26 **Næstu skref**

27 Að lokum er rétt að taka á næstu skrefum eins og starfshópurinn sér þau fyrir sér en þau eru:

- 28 • Kynna drögin á landsfundi og fá nefnd á fundinum um málið
- 29 • Fá skipaðan starfshóp á landsfundi sem hefur umboð til að móta stefnu VG í
30 norðurslóðamálum á endanlegan hátt fyrir næsta landsfund og kosningar 2013.
- 31
- 32

33 *Starfshópur um málefni Norðurslóða*

34

2 **Tillaga að ályktun um málefni ellilífeyrisþega og öryrkja**

3
4 Í kjölfar efnahagshrunsins hafa öryrkjar og ellilífeyrisþegar orðið fyrir margvíslegum
5 skerðingum bæði fjárhagslega og hvað réttindi varðar. Frá því í janúar 2009 hafa umtalsverðar
6 tekjuskerðingar átt sér stað í almannatryggingakerfinu og núverandi ríkisstjórn hefur bætt um
7 betur, einkum með ráðstöfunum sem tóku gildi 1. júlí 2009. Landsfundur VG haldinn 28.-30.
8 október 2011 krefst þess að málefni öryrkja og ellilífeyrisþega verði tekin til gagnerrar
9 skoðunar og kjör þeirra leiðrétt hið fyrsta. Landsfundurinn minnir á eftirfarandi orð í
10 stefnuyfirlýsingu VG: „Skylt er að tryggja vaxandi hópi aldraðra mannsæmandi kjör og
11 aðstæður til að taka virkan þátt í samfélaginu. Gera verður átak til að stórbæta kjör og allar
12 aðstæður öryrkja.“

13 *Guðmundur Magnússon, Jón Torfason, Sigríður Kristinsdóttir, Einar Ólafsson*

14 **Ályktun um fátækt á Íslandi**

15
16 Landsfundur VG vill áréttta að fátækt er staðreynd á Íslandi. Við því þarf að bregðast. Það er
17 að myndast þriðja kynslóð á örorku- og atvinnuleysisbótum og gera þarf sveitarfélögum kleift
18 að brjóta upp þennan vítahring viðvarandi fátæktar og félagslegrar einangrunar. Á þetta að
19 vera algert forgangsmál sem hefur að leiðarljósi að atvinna er mannréttindi. Með því að virkja
20 fólk til vinnu, jafnvel þó að sú atvinna skapi ekki beinar tekjur, kemst fólk út úr vítahring
21 atvinnuleysis og skapar þannig bætt lífsgæði.

22
23 *Andrea Hjálmsdóttir, Dýrleif Skjöldal, Edward H. Huijbens, Guðrún Þórsdóttir, Hlynur*
24 *Hallsson, Klara S. Sigurðardóttir, Kristín Sigfúsdóttir*

25 **Ályktun um úrræði fyrir unglunga í vímuefnavanda**

26
27 Það er verulega alvarleg staða komin upp varðandi úrræði fyrir unglunga í vímuefnavanda.
28 Úrræðum hefur fækkað verulega á undanförunum misserum og hefur álag aukist til muna á
29 þann fámenna hóp sem starfar í þessum geira og bið eftir aðstoð hefur lengst mjög mikið.
30 Sem dæmi má nefna að sex mánaða bið er eftir plássí á Stuðla. Það getur hver maður séð að
31 slík bið er algjörlega óásættanleg og jafnvel er skaðinn orðinn varanlegur þegar að aðstoðin er
32 loksins fengin.

33
34 Vímuefnin eru mikil vá í okkar samfélagi og við sem félagshyggjuflokkur megum aldrei slaka
35 á í viðhorfi okkar og áherslum gegn þessum skaðvaldi. Það er okkar skylda að efla forvarnir
36 og ekki síður öryggisnet fyrir þær fjölskyldur sem lenda í þeirri ógæfu að verða þessum
37 vágæsti að bráð. Það hlýtur að vera okkar krafa að efla og fjölga úrræðum fyrir unglunga í
38 vímuefnavanda nú þegar að við fáum þó einhverju ráðið um skiptingu fjárlaganna.

39
40 *Arnþór Sigurðsson*

41 **Réttur til fæðingarorlofs**

42
43 Landsfundur VG vill að öllum foreldrum verði tryggður réttur til sómasamlegs fæðingarorlofs
44 óháð tekjum foreldra í aðdraganda fæðingarinnar.

45 *Félagsfundur VG á Suðurnesjum*

Mótmælum frekari niðurskurði í grunnþjónustu

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn að Hofi á Akureyri 28.-30. október hvetur stjórnvöld til að standa vörð um grunnþjónustu landsins nú á miklum niðurskurðartímum. Niðurskurður í heilbrigðis- og löggæslumálum ógnar öryggi íbúa á margan hátt og er ekki í anda þeirrar velferðarstefnu sem flokkurinn og ríkisstjórnin kennir sig við.

Félagsfundur VG í Borgarbyggð

Ályktun um einkaskóla

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, haldinn að Menningarhúsinu Hofi 28. - 30. október 2011, lýsir yfir samstöðu sinni með nemendum Kvikmyndaskólans og einnig stuðningi við umleitanir ríkisins til að ráða bót á vandamálum þeirra nemenda. Hann leggur þó áherslu á að það sé ekki hlutverk ríkisins að reka einkaskóla ef þeir geta ekki rekið sig sjálfir.

Það er augljóst að ef sumar menntastofnanir geta, jafnhliða því að fá opinbera styrki, krafist skólagjalda standi þær töluvert betur að vígi fjárhagslega séð, en með því skapast það tvöfalda menntakerfi er við nú búum við. Til að forða mismunun nemenda á grundvelli fjárhags þeirra væri óskandi að allt menntakerfið, sem grunnþjónusta, gæti verið á höndum hins opinbera. Meðan svo er ekki er óréttlátt að einkaskólanum sé hyglað á kostnað þeirra opinberu og fái styrki líkt og þeir sem eiga allt sitt undir ríkisvaldinu.

Fundurinn lýsir jafnframt yfir ánægju sinni varðandi framgöngu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins í því að það ákvað að endurnýja ekki samstarfssamninga við Menntaskólann Hraðbraut. Óviss framtíð skólans fjárhagslega séð sem og starfsgrundvöllur hans hefur þó ekki stöðvað innritun nýnema á liðnu misseri. Hvetur fundurinn til þess að gengið verði sem fyrst frá þessum málum til fulls og að Menntaskólanum Hraðbraut verði lokað og úrlausn fundin á málefnum þeirra nemenda sem nú hafa þar skólavist, en sjá ekki fram á að geta lokið námi sínu þar.

Stjórn UVG

Ályktun um menntamál

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs fagnar þeim árangri sem náðst hefur í menntamálum. Sérstaklega fagnar fundurinn þeim áfanga sem náðist þegar ríkisstjórnin ákvað að ríkið myndi greiða fyrir framhaldsstig í tónlistarnámi sem er gamalt baráttumál VG. Þá fagnar landsfundurinn menntaátaki stjórnvalda, *Nám er vinnandi vegur*, sem miðar að því að greiða leið ungra atvinnuleitenda inn í skólakerfið. Mikilvægt er að fjölga þeim sem ljúka námi að loknum grunnskóla og auka þannig almennt menntunarstig í landinu. Fundurinn fagnar líka nýjum námskrám þar sem m.a. jafnréttismenntun og menntun til sjálfbærni eru meðal grunnþátta í námi frá leikskóla upp í framhaldsskóla.

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs varar við hugmyndum um afnám skólaskyldu sem verið hafa í umræðunni. Skólaskyldan er grundvallaratriði til að tryggja jöfnuð í samfélaginu en hún tryggir að allir nemendur eigi rétt á 10 ára grunnskólanámi. Þá hvetur fundurinn til þess að við endurskoðun laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna sem nú stendur yfir verði skoðað að taka upp samtímagreiðslur námslána og horfið verði frá

1 yfirdráttalánnum sem nú tíðkast. Að lokum hvetur fundurinn til þess að menntun og skólar
2 verði forgangsatríði stjórnvalda við fjárlagagerð næstu ára.

3

Ályktanahópur

4

Ályktun um heilbrigðiskerfið

5

6 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, haldinn að Menningarhúsinu Hofi 28. -
7 30. október 2011, ályktar gegn frekari niðurskurði í heilbrigðiskerfinu. Ljóst má vera að
8 heilbrigðiskerfið er löngu komið að þrotmörkum þar sem bæði var skorið niður í
9 málaflóknum undir einkavæðingarstefnu fyrri ára og ekki virðist valdhöfum hafa fundist
10 önnur leið fær í hagræðingu eftir hrun. Grunnþjónusta sú sem hefur bein áhrif á líf og dauða
11 fólks hlýtur að teljast forgangsatríði hjá ríkisstjórn félagshyggjuflokka og hlýtur því að vera
12 sjálfsagt að forgangsröðuninni verði breytt.

13

Stjórn UVG

14

15

Félagslegt réttlæti

Ályktun um húsnæðismál

Það eru mannréttindi að fólk hafi til umráða húsnæði. Áherslur þurfa að vera á félagsleg úrræði, því meiri fjölbreytni því betra. Hætt er við að beinar hækkanir á húsaleigubótum fari beint í vasa leigusala. Huga þarf að réttindum leigjenda og tryggja þau. Auka þarf framboð á námsmannafbúðum og stúdentagörðum.

Andrea Hjálmsdóttir, Dýrleif Skjöldal, Edward H. Huijbens, Guðrún Þórsdóttir, Hlynur Hallsson, Klara S. Sigurðardóttir, Kristín Sigfúsdóttir, Sóley Björk Stefánsdóttir

Ályktun um húsnæðismál og verðtryggingu

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs hvetur til að komið verði á sameiginlegum vettvangi undir leiðsögn ríkissáttasemjara sem hafi það að markmiði að finna málamiðlun sem geti í senn; stungið á húsnæðisbóluna, leiðrétt lánin vegna stökkbreytingar í kjölfar hrunsins, afnumið verðtryggingu og komið á heilbrigðara ástandi í húsnæðis og lánamálum á Íslandi.

Rökstuðningur: *Í aðdraganda hrunsins lögðust stór öfl í samfélaginu á árar að skapa mikla húsnæðisbóluna sem enn hefur ekki tekist að stinga á og í hruninu stökkbreyttust lán langt umfram laun og húsnæðisverð. Samtímis hefur ekki tekist að koma upp skikkanlegum leigumarkaði og félagslegt húsnæðiskerfi stendur víða illa undir nafni sökum leigu. Deilurnar sem af þessum aðstæðum skapast hafa ekki fengið neinn skikkanlegan farveg og er þróunin helst á þann veg að allt skuli leyst fyrir dómstólum eða með handaflí ef ekki vill betur til. Þetta er órafjarri þeirri norrænu hefð sem við viljum standa fyrir sem flokkur þar sem stór samfélagsvandamál eru leyst með aðkomu aðilum viðeigandi stjórnvalda, félagasamtaka og aðila vinnumarkaðarins. Við þurfum sátt um þann grundvöll íslensks samfélags sem heimilín eru og slíkt verður aldrei nema með samningum.*

Hédinn Björnsson

Gegn vaxtaokri húsnæðislána

Landsfundur VG vill að bundinn verði endir á það vaxtaokur sem viðgengist hefur á húsnæðislánum á Íslandi áratugum saman. Háir vexti, jafnvel yfir 5%, á verðtryggðum langtímalánum geta ekki flokkast sem annað en okurvextir sem enginn á að þurfa að greiða til þess að hafa tryggt íbúðarhúsnæði.

Félagsfundur VG á Suðurnesjum

Sjálfbær húsnæðisstefna

tillaga starfshóps til Landsfundar VG 2011

Húsnæði fyrir alla

Vinstrihreyfingin – grænt framboð vill tryggja öllum þjóðfélagsþegnum öruggt og boðlegt húsnæði óháð efnahag og félagslegum aðstæðum. Öruggir búsetukostir skulu standa öllum til boða óháð búsetuformi, staðsetningu og fjölskyldusamsetningu. Stuðla ber að einföldu og skilvirku húsnæðiskerfi þar sem nægjanlegt framboð er af búsetukostum í bæði leigu- og eignarhúsnæði. Vinstri græn vilja taka löggjöf um húsnæðismál til gagnerrar endurskoðunar þannig að hún taki mið af þörfum landsmanna, en snúist ekki eingöngu um veðlánastarfsemi. Húsnæðisstefna stjórnvalda þarf að taka mið af því hvernig við viljum búa í framtíðinni, um búsetuformið sjálft og félagslegan fjölbreytileika, innviði borgar, bæja og íbúðarhverfa, lífssýn og væntinga um lífshamingju. Vinstri græn vilja jafnframt gefa þeim heimilum í landinu sem það kjósa kost á að flytja mikið veðsettar íbúðir yfir í íbúasamvinnufélög eða fasteignaleigufélög gegn búseturétti.

Fjölbreyttari valkostir

Vinstri græn vilja auka hlutfall leiguhúsnæðis á húsnæðismarkaði með því að stuðla að bættri löggjöf fyrir fasteignaleigufélög og leigjendur og gera leiguíbúðir að raunhæfum og góðum búsetukosti. Sérstaklega ber að líta til íbúasamvinnufélaga þar sem íbúar verða „rétthafar“ í félögunum og reksturinn er í þágu íbúa en ekki hluthafa á markaði. Vinstri græn vilja jafnframt styrkja sjálfseign íbúða með því að taka upp húsnæðisvísitölu þar sem áhættu er dreift á milli lántakenda og lánveitenda. Húsnæðisvístala myndi draga úr þörf lántakenda til húsnæðisframlaga. Vinstri græn vilja enn fremur að stjórnvöld hverju sinni styðji við búsetukosti landsmanna með því að tryggja aðgang að lánsfé á sanngjörnum kjörum og með stuðningi í formi húsnæðisframlaga. Þá er lagt til að núverandi húsnæðisbótakerfi verði breytt og tekin verði upp húsnæðisframlög sem taka mið af stærð fjölskyldu, húsnæði og efnahag hvort sem viðkomandi umsækjandi eða fjölskylda býr í eigin íbúð eða leiguhúsnæði.

Samráð við sveitarfélög

Vinstri græn vilja að stjórnvöld hafi gott samráð við sveitarfélögin í landinu til að tryggja öllum fjölbreytta valkosti í mismunandi búsetuformi og góða og skilvirka nærþjónustu.

Sveitarfélögin kappkosti að bjóða uppá fjölbreytta valkosti í gerð og stærð íbúðarhúsnæðis við skipulag og uppbyggingu nýrra hverfa og við endurnýjun eldri hverfa. Jafnframt er lögð áhersla á að sveitarfélögin geri raunhæfar spár um þörf á uppbyggingu á hverjum stað og að höfuðborgarsvæðið geri sameiginlega spá um þörf fyrir nýbyggingar eða endurnýjun fram í tímann. Sveitarfélögin á landsbyggðinni geri sömuleiðis spár um þörf fyrir nýbyggingar og endurnýjun fram í tíman. Þar sem sérstök þörf verður fyrir nýbyggingar komi til skattávilnana sem taki mið af húsnæðisvísitölu landshlutans. Jafnframt vilja Vinstri græn að þegar verði sett á stofn óháð húsnæðis- og búsetu-ráðgjöf, sem heldur utan um lykilupplýsingar á húsnæðismarkaði og gerir spár um uppbyggingar- og endurnýjunarþörf á húsnæði fyrir húsnæðismarkaðinn í heild sinni. Hlutverk Íbúðalánasjóðs verði skilgreint betur og félagslegt hlutverk hans styrkt.

Vistvænt húsnæði

1
2 Vinstri græn leggja áherslu á að nýtt íbúðarhúsnæði verði vistvænt, sjálfbært og í hæfilegri
3 stærð. Tillit verði tekið til umhverfissjónarmiða við skipulag nýrra íbúðarhverfa hvað varðar,
4 landnýtingu, almenningssamgöngur, sorphirðu, þjónustu og annað sem stuðlað getur að
5 sjálfbærni samfélagsins. Fullt tillit verði tekið til þess að orkunotkun verði sem minnst við
6 byggingu og rekstur íbúðarhúsnæðis og að lögun þess og skipulag sé með þeim hætti að þau
7 markmið náist. Stuðla ber að því að efnisnotkun verði í samræmi við þessi markmið og að
8 hægt verði að farga byggingarefni síðar án þess að spilla umhverfinu. Þá leggja Vinstri græn
9 áherslu á að tekið verði tillit til umhverfisþátta, veðurfars og staðbundinnar þekkingar, sögu
10 og menningar. Að íbúðarhúsnæði framtíðarinnar verði góður vitnisburður um byggingalist
11 hverju sinni. Hugmyndafræði vistskipulags verði aðlöguð að íslenskum aðstæðum.

12

13

Endurnýjað húsnæði

14 Vinstri græn vilja að skipulega verði farið í það að endurnýja eldra íbúðarhúsnæði og aðlaga
15 það að þörfum samtímans hverju sinni án þess að ganga á menningararf í byggðamynstri og í
16 byggingarlist. Endurnýjun eldra íbúðarhúsnæðis verði örvað með sérstöku átaki og aðgerðum
17 eins og t.d. með endurgreiðslu á virðisaukaskatti og lánsfé. Lögð verði áhersla á að bæta
18 húsakost landsmanna, styrkja íbúðahverfi og nærþjónustu og nýta betur þá samfélagslegu
19 innviði sem þegar eru til staðar. Þá verði aðgengi fyrir alla tryggt.

20

21 Orðskýringar:

22 **Húsnæðisframlag.** Lagt er til að notað verði orðið húsnæðisframlag í húsnæðisstefnu
23 Vinstrihreyfingarinnar Græns framboðs í stað þess að nota orð eins og húsnæðisbætur.
24 Húsnæðisframlag hefur jákvæðari merkingu og skírskotar til einhvers sem er lagt til með
25 þeim sem kaupir eða leigir íbúð. Hann er ekki að fá bætur fyrir eitthvað heldur framlag.
26 Orðið bætur hefur neikvæðari merkingu og sá sem býr í íbúð hefur ekki endilega orðið fyrir
27 skaða eða missi. Í dönsku er notað orðið boligsikring og í sænsku er það orðið bostadsbidrag.
28 Bæði skýrskota til framlags eða til að tryggja einhverjum eitthvað í stað skaðabóta.

29

30 **Húsnæðisvísitala.** Lagt er til að tekin verði upp húsnæðisvísitala sem tekur mið af þróun
31 fasteignaverðs og dreifir áhættu af lántöku á milli lánardrottna og skuldunauta. Jafnframt því
32 verði veðhlutfall lækkað og lánstími stytur á eignaríbúðum. Húsnæðisvísitala gildi fyrir
33 ákvörðun á verði húsaleigu.

34

Félagslegt réttlæti (almenn ályktun)

35

36 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs fagnar skýrslu rannsóknarnefndar
37 Alþingis um orsakir og aðdraganda falls íslensku bankanna. Skýrslan er áfelligdómur yfir
38 þeirri pólitísku hugmyndafræði sem réði ferð í íslensku samfélagi um langt árabil og því
39 viðskiptalífi, stjórnarsýslu og tíðaranda sem hún gat af sér. Vinstrihreyfingin – grænt framboð
40 hefur tekist á við það vandasama verkefni frá hrúni að byggja íslenskt samfélag upp að nýju
41 með þátttöku í stjórnarsamstarfi með Samfylkingunni frá árinu 2008. Margt hefur áunnist
42 hvað félagslegt réttlæti varðar en margt er enn ógert.

43

1 Vinstrihreyfingin – grænt framboð grundvallar stefnu sína á jöfnum rétti allra. Aðstaða allra
2 landsmanna verður að vera sem jöfnust óháð búsetu og félagslegri stöðu. Krafa er um fullt
3 jafnrétti til náms og jafnan rétt allra til opinberrar þjónustu, upplýsinga um samfélagsleg
4 málefni og til virks tjáningarfrelsis.

5 Landsfundurinn hvetur til þess að komið verði á hópi til að yfirfara stefnu flokksins,
6 samþykktir landsfunda og flokksráðsfunda ásamt fyrirbyggjandi áherslum flokksins á ólíkum
7 sviðum.

8
9 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs telur að skilgreina þurfi hvaða
10 undirstöðustofnanir samfélagsins eigi að lúta lýðræðislegum yfirráðum almannavaldsins. Til
11 þess að ná fram þessum markmiðum þarf að setja valdi fjármagns og markaðsafla skorður,
12 tryggja réttláta tekjuskiptingu og lýðræðislega stjórnarhætti.

13
14 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs telur að auka þurfi ráðstöfunartekjur
15 þeirra tekjulægstu. Ákveðin skref hafa verið stigin til að breyta skattkerfi landsins til
16 tekjujöfnunar en betur má ef duga skal. Auka þarf ráðstöfunartekjur hinna tekjulægstu og
17 endurskoða enn betur samspil almannatrygginga, lífeyrissjóða og skatta. Mikilvægt er að
18 hætta að einblína á mælikvarða eins og hagvöxt. Þess í stað ætti að leggja meiri áherslu á
19 lífsgæðastuðla þar sem auk hefðbundinna hagstærða er horft til þátta samfélagsins á borð við
20 jöfnuð og menntunarstig sem skipta máli þegar reynt er að mæla velferð.

21
22 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs telur að grunnþjónusta eigi að vera
23 gjaldfrjál og á jöfnum grunni um allt land. Það er því nauðsynlegt að skilgreina hvað eðlilegt
24 er að teljist grunnþjónusta og með hvaða hætti þjónustan á að vera. Á sama hátt þarf að
25 tryggja að þeir aðilar sem veita eiga gjaldfrjálsa gunnþjónustu séu tryggðir þeir tekjustofnar
26 sem standi straum af þeim kostnaði sem af því hlýst.

27
28 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs telur nauðsynlegt að breyta áherslum í
29 almannatryggingakerfinu. Í staðinn fyrir að nota hugtökin *bætur* og *bótatægi* um þá sem fá
30 greiðslur úr almannatryggingum og atvinnuleysistryggingum ber að tala um *laun* til að leggja
31 áherslu á þann rétt sem einstaklingnum ber til tekna, hvort sem um er að ræða atvinnutekjur
32 eða samfélagslaun.

33 Lífeyrir þarf að taka mið af framfærslukostnaði einstaklingsins og hækka samkvæmt
34 launavísitölu auk þess sem draga þarf úr tekjutengingu innan almannatryggingakerfisins.

35
36 Landsfundur ítrekar enn mikilvægi dreifðs eignarhalds fyrirtækja í atvinnulífinu. Starfsfólki
37 verði gert kleift að eignast og starfrækja fyrirtæki sem það starfar við. Jafnframt verði lögð
38 áhersla á félagleg rekstrarform eins og samvinnufélög, enda tryggi þau atvinnusköpun,
39 atvinnulýðræði og byggðastefnu.

40 Landsfundurinn leggur til að atvinnulýðræði verði tryggt í sessi með sérstökum lögum sem
41 veita starfsfólki stjórnunaraðild að fyrirtækjum og stofnunum.

42 *Ályktanahópur*

43 **Ályktun um barnalagafrumvarp**

44
45 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn á Akureyri 28. – 30. október
46 2011, áréttar mikilvægi þess að vel sé vandað til verka við setningu nýrra barnalaga en
47 frumvarp til þeirra liggur nú fyrir Alþingi. Fundurinn tekur undir þau sjónarmið sem

1 innanríkisráðherra hefur sett fram og lúta að því að lögfesta ekki að svo stöddu heimild fyrir
2 dómara til að dæma sameiginlega forsjá.
3 Á Íslandi er sameiginleg forsjá nú meginregla við sambandsslit foreldra. Þegar foreldrar deila
4 lýkur þeim málum oftast með sátt á einhverju stigi og í barnalagafrumvarpinu er kveðið á um
5 aukna sáttameðferð fyrir foreldra. Því ber sérstaklega að fagna enda hlýtur það að vera barni
6 fyrir bestu að foreldrar nái sátt um forsjá og umgengni. Aukin áhersla á stuðning við sattaferli
7 er mikilvægt skref. Í þeim fáu forsjárdeilum sem enda með dómi er ljóst að ágreiningur er svo
8 mikill að foreldrum er illmögulegt að starfa saman með þeim hætti sem sameiginleg forsjá
9 kveður á um.
10 Landsfundur hvetur jafnframt innanríkisráðherra og þingflokk VG til að huga alvarlega að
11 þeim lagaákvæðum sem heimila foreldri að krefjast þess að lögregla fari inn á heimili barna
12 og ná í þau til að koma á umgengni.

13 *Ályktanahópur*

14 **Atvinna er mannréttindi – Atvinnuleysi er mannréttindabrot**

15
16 Það skulu vera réttindi hvers og eins, mannréttindi, að fá að taka fullan þátt í nýtingu
17 sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar með vinnuframlagi sínu. Það að neita vinnufúsum
18 höndum um atvinnu við nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar og gera menn þannig
19 atvinnulausa er brot á réttindum þeirra til atvinnu, er brot á mannréttindum. Atvinnuleysi er
20 því mannréttindabrot af hálfu hins opinbera sem fer með æðstu stjórn auðlinda þjóðarinnar.

21 **Rökstuðningur**

22
23 *Það er stefna Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs að auðlindir Íslands séu sameiginleg*
24 *eign íslensku þjóðarinnar. Á auðlindum þessum grundvallast líf þjóðarinnar og velferð. Allir*
25 *landsmenn eiga sama og jafnan rétt til þess að njóta ávaxtanna af auðlindum þessum.*
26 *Auðlindirnar skulu vera undir yfirstjórn hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga. Grundvöllur*
27 *þess að þjóðin geti fært sér auðlindirnar í nyt er vinnuframlag landsmanna. Sú skylda hvílir á*
28 *herðum hins opinbera, umsjónaraðila auðlindanna, að tryggja hverjum og einum sem þess*
29 *óskar, möguleika á því að skila vinnuframlagi sínu til nýtingar hinna sameiginlegu auðlinda.*
30 *Auðlindir Íslands og afrakstur þeirra duga meir en vel til þess að skapa öllum vinnufúsum*
31 *höndum atvinnu.*

32
33 *Það eru réttindi hvers og eins, mannréttindi, að fá að taka fullan þátt í nýtingu sameiginlegra*
34 *auðlinda þjóðarinnar með vinnuframlagi sínu. Vinnuframlag manna, fullorðinna*
35 *einstaklinga, grundvallist á aldri, heilsu, eiginleikum, reynslu og menntun hvers og eins. Það*
36 *að neita vinnufúsum höndum um atvinnu við nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar og*
37 *gera menn þannig atvinnulausa er brot á réttindum þeirra til atvinnu, er brot á*
38 *mannréttindum, atvinnuleysi er því mannréttindabrot af hálfu hins opinbera.*

39
40 *Ályktanahópur*

41 **Vinumálastofnun og hlutverk hennar**

42
43 Hlutverk Vinnumálastofnunar skal vera að standa vörð um hagsmuni atvinnulausra og sjá til
44 þess að leyst sé úr vandamálum þeirra. Vinnumálastofnun skal tryggja atvinnulausum atvinnu
45 og jafnframt tryggja afkomu þeirra svo lengi sem þeir eru atvinnulausir. Taka ber skipulag
46 Vinnumálastofnunar til gagn Gerrar endurskoðunar og hlutverk hennar skilgreint betur.
47 Stofnuninni verði gert að koma fram við atvinnulausa af fullri virðingu og mismuni ekki þeim

1 sem vilja koma undir sig fótunum í eigin atvinnurekstri. Engin skal þurfa að hafna í viðjum
2 langtímaatvinnuleysis né sæta atvinnuofsóknum (berufsverbot).

3 **Rökstuðningur**

4 *Atvinnuleysi verður ekki leyst með því að íklæða það í búning uppáþröngvaðra námskeiða af*
5 *ýmsu tagi eða með því að hrekja atvinnulausa af atvinnuleysissskrá eða úr landi. Slíkt er*
6 *ömurleg birtingarmynd dulins atvinnuleysis. Vinnumálastofnun skal halda nákvæmar skrár*
7 *yfir alla landsmenn sem óska eftir fullri atvinnu hér á landi en hafa ekki, s.s. námsmenn og*
8 *bótaþega aðra en þá sem eru á atvinnuleysisbótum sem og íslenska ríkisborgara sem flust*
9 *hafa út landi vegna atvinnuleysis og einnig þá sem hafa verið gerðir bótalausir vegna*
10 *hlutastarfs við eigin atvinnurekstur. Taka ber skipulag Vinnumálastofnunar til gagn Gerrar*
11 *endurskoðunar og hlutverk hennar skilgreint betur. Sameiginlegur vinnumarkaður fleiri ríkja*
12 *krefst sameiginlegrar ábyrgðar gagnvart atvinnulausum.*

13 *Ályktanahópur*

14 **Ályktun um hústöku og ábyrgð húseigenda**

15
16 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs leggur til að sveitarstjórnir beiti sér í
17 auknum mæli til að tryggja að eigendur tómra og niðurníðdra bygginga axli ábyrgð á húsum
18 sínum. Ennfremur að sveitarstjórnir fái lagaheimild til að setja búsetuskyldu, annaðhvort í
19 heilum byggðakjörnum eða hverfum til að koma í veg fyrir að hús grotni niður og greni
20 myndist. Að lokum að lögfest verði ákvæði um rétt hústökufólks sem myndist við tilteknar
21 aðstæður.
22

23 **Greinargerð**

24 *Í núverandi mannvirkjalögum er kveðið á um sektarheimildir byggingarfulltrúa og nýrrar*
25 *Mannvirkjastofnunar ef ásigkomulagi, frágangi, umhverfi eða viðhaldi húss, annars*
26 *mannvirkis eða lóðar er ábótavant, af því stafar hættu eða það telst skaðlegt heilsu að mati*
27 *byggingarfulltrúa eða Mannvirkjastofnunar. Þessum sektarheimildum er sjaldan beitt og*
28 *afleiðingarnar má sjá um land allt, ekki síst í hinum stærri þéttbýliskjörnum. Vinstrihreyfingin*
29 *– grænt framboð telur eðlilegt að kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum beiti sér fyrir því að*
30 *þessum heimildum verði beitt og þannig verði skorin upp herör gegn niðurníðdum húsum sem*
31 *finna má í öllum þéttbýliskjörnum, ekki síst í miðborg höfuðborgarinnar.*

32
33 *Árið 2009 voru haldnir hverfafundir í Reykjavík og hugur íbúa kannaður um hvað brynni*
34 *einna helst á þeim. Ekki kom á óvart að íbúar miðborgarinnar nefndu sérstaklega niðurníð*
35 *tóm hús og lögðu til búsetuskyldu eða stranga beitingu dagsektu. Lagaheimild fyrir*
36 *sveitarfélög til að setja á búsetuskyldu, ýmist í heilum byggðakjörnum eða einstökum hverfum,*
37 *er nauðsynlegt úrræði til að sveitarstjórnir geti rekið öflugan skipulagsstefnu, komið í veg fyrir*
38 *niðurníðslu og grenjamyndun, og tryggt að eigendur sinni húsum sínum.*

39
40 *Hústaka hefur verið úrræði um heim allan allt frá þéttbýlismyndun en á henni er tekið með*
41 *mjög mismunandi hætti milli landa. Í Bretlandi getur eigandi tóms húss t.d. ekki hent út*
42 *hústökufólki nema með tilteknum lögformlegum hætti og til ársins 2010 var ekki hægt að*
43 *henda út hústökufólki í Hollandi nema með dómsúrskurði á þeirri forsendu að friðhelgi*
44 *heimilisins eigi líka við um hústökufólk í einhverjum mæli. Landsfundurinn hvetur kjörna*
45 *fulltrúa flokksins á þingi til að beita sér fyrir því að svipuð ákvæði verði lögfest hér á landi,*
46 *réttindi hústökufólks tryggð og um leið lagðar auknar kröfur á eigendur húsa að standa að*
47 *viðhaldi þeirra með sóma.*

48 *Ályktanahópur*

Hagstjórn

Ályktun um þjóðnýtingu fjármálastarfsemi á Íslandi

Landsfundur VG 2011 krefst þess að öll fjármálastarfsemi á Íslandi verði þjóðnýtt og vaxtaokur verði aflagt. Þannig verði öll fjármálastarfsemi hlutafélaga og annarra einkafyrirtækja bönnuð, en þess í stað verði hún falin opinberum aðilum og hafi ekki það markmið að safna gróða heldur að vinna að jöfnuði og efnahagslegri uppbyggingu í þágu alls samfélagsins. Þannig má koma í veg fyrir botnlausu spillingu, spákaupmennsku, arðrán og ójöfnuð.

Greinargerð:

Undanfarnir 3 áratugir hafa einkennst af aukinni fjármálavæðingu í hagkerfi alls auðvaldsheimsins. Hún hefur birst í gríðarlega auknu vægi ýmiss konar fjármálagjörninga í hagkerfinu á kostnað verðmætaskapandi framleiðslu og þjónustu. Fjármálafyrirtæki hafa meira en tvöfaldað hlut sinn í heildargróðanum í mörgum löndum og þannig sogað til sín öll verðmæti samfélagsins án þess að skapa nein verðmæti sjálf og um leið sökkt öllu samfélaginu í botnlausar skuldir. Fjármálakerfið hefur tekið samfélagið í gíslingu og knúið fram einkavæðingu á samfélagsþjónustunni í þágu fáeinna kapítalista og um leið blóðugan niðurskurð á velferð almennings.

Með gríðarlegri upphleðslu auðmagns sem engin raunveruleg verðmæti standa á bak við hefur auðvaldskerfið þróast hratt inn í vítahring alhliða kreppu. Auðvaldið reynir að velta afleiðingum kreppunnar yfir á almennung með fulltingi stjórnvalda. En til að leysa úr þeim vanda sem fjármálaauðvaldið hefur bakað samfélaginu er nauðsynlegt að vinda ofan af orsökum kreppunnar og lykilháttur í því er að þjóðnýta alla fjármálastarfsemi, þar með talda tryggingarstarfsemi, lífeyrisumsjón og fleira.

Þorvaldur Þorvaldsson

Ályktun um uppgjör við hrunbankana

Landsfundur VG ályktar að nauðsynlegt sé að skoða réttarstöðu almennings gagnvart þeim bönkum sem störfuðu með svíksamlegum hætti fyrir bankahrún. Þetta á við um fólk sem tók lán í bönkunum á forsendum sem stjórnendur þeirra, en lántakendum ekki, var kunnugt um að voru verulega hæpnar. Einnig á þetta við um allan þann fjölda fólks, sem var blekktur til að verja sparifé sínu eða taka lán til að kaupa hlutabréf í bönkum eða auka stofnfé í sparisjóðum, á sama tíma og bankarnir stóðu að leynilegum aðgerðum til að villa fyrir um verðmæti þeirra. Gæta verður jafnræðis milli lántakenda sem lögðu eignir til húsnæðisakaupa og þeirra sem fjármögnuðu kaup sín með herra lánshlutfalli. Þá getur það ekki talist réttmætt að lán sem færð voru frá þrotabúunum til nýju bankanna á undirverði séu innheimt á fullu verði, með auknum verðbótum vegna bankahrunsins, á sama tíma og bankarnir skila milljarða hagnaði.

Andrés Rúnar Ingason

Eftirlit með fjármálakerfi

Landsfundur VG hvetur til þess að eftirlit með fjármálakerfinu verið aukið og rannsakað verði hvort ofurgróði bankanna sem fjallað hefur um í fjölmiðlum að undanförunu sé til komin vegna samráðs, en lánakjör bankanna eru grunsamlega lík og engin merki um „virka samkeppni“.

Félagsfundur VG á Suðurnesjum

Gegn niðurskurði

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn að Menningarhúsinu Hofi 28.–30. október 2011 leggst gegn frekari niðurskurði. Niðurskurður hefur í för með sér gríðarlega skerðingu á mikilvægri þjónustu og lokar fleiri dyrum en hann opnar. Landsfundur telur jafnframt að ekki sé búið að fullnýta skattamöguleika þjóðarinnar.

Stjórn UVG

Sjálfbærni en ekki hagvöxtur

Sjálfbærni hlýtur að vera það mælitæki sem best gefur til kynna hver þróun samfélagsins er, en ekki hagvöxtur. Vinstrihreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á grundvöllun og uppbyggingu hagkerfis í jafnvægi til langs tíma þar sem öryggi og velferð allra landsmanna eru í fyrirrúmi. Ná verður góðum tókum á stjórn hagkerfisins þar sem markaðurinn er þjónn alþýðu en ekki herra. Alþýðunni skal því ekki varpað úti atvinnuleysi vegna duttlunga markaðarins.

Rökstuðningur

Hindra verður sveiflur hagkerfisins þar sem djúpar lægðir valda ófyrirsjáalegum hörmungum og nánast óyfistíganlegum erfiðleikum. Íslenskt hagkerfi skal grundvallast á sjálfbærni. Með aukinni slysatíðni eykst hagvöxtur. Aukin slysatíðni kallar á aukið vinnuframlag af hálfu lögreglu, lækna og hjúkrunarfélks, starfsfélks trygginga o. s. frv. sem eykur hagvöxt. Vinstrihreyfingin – grænt framboð lítur svo á að slíkt mælitæki, sem mælitækið hagvöxtur er, gefi alls ekki þá mynd af þróun samfélags okkar sem Vinstrihreyfingin – grænt framboð vill standa vörð um. Sjálfbærni hlýtur að vera það mælitæki sem best gefur til kynna hver þróun samfélagsins er. Sjálfbært velferðarsamfélag hamingjusamra einstaklinga er stefna VG. Ber ekki hamingjuvexti að leysa mælitækið hagvöxt af hólmi ef meta á þjóðfélagsþróun?

Ályktanahópur

Efnahagsmál

Ríkisstjórn Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingar tók við rekstri ríkisins í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008. Ríkisstjórnin var mynduð til að takast á við þá erfiðleika sem fylgdu í kjölfar hrunsins, tryggja efnahagslegan og félagslegan stöðuleika og móta nýtt umhverfi í efnahagsmálum landsins í stað þess sem leiddi til hrunsins. Óðaverðbólga, okurvextir, atvinnuleysi, eignabruni og stórhækkun skulda heimila, fyrirtækja og ríkissjóðs ásamt margskonar öðrum efnahagslegum og félagslegum afleiðingum hrunsins hafa markað djúp spor í samfélagið allt og skilið eftir sár sem þarf að græða. Það siðferðilega rof og sú spilling í stjórn mála- og viðskiptalífi landsins sem upplýstist um í hruninu hefur leitt til fullkomins trúnaðarbrests af hálfu íbúa landsins gagnvart þessum aðilum. Það traust verður

1 að vinna til baka og verður aðeins gert með því að innleiða nýja og betri stjórnunarhætti en
2 áður þekktust hér ná landi. Það verður ekki gert án aðkomu Vinstrihreyfingarinnar – græns
3 framboðs.

4
5 Efnahagsstjórn landsins í aðdraganda hrunsins leiddi til mikils og hrópandi ójöfnuðar meðal
6 íbúa landsins þar sem þeim efnameiri var hyglt á kostnað almennings, launafólks og
7 fjölskyldna. Hrun af því tagi sem hér varð er óumflýjanleg afleiðing slíks ástands.
8 Lausnir við afleiðingum þess vanda verða því að byggjast á öðrum gildum en ríkjandi voru
9 við stjórn efnahagsmála undir stjórn hægrimanna og leiddu til ófarnaðar á öllum sviðum.
10 Engum stjórn málflokkum er betur treystandi til að leiða slíkt verk en Vinstrihreyfingunni –
11 grænu framboði. Allar aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa miðast að því að gæta að almannahag,
12 forða heimilum undan frekara tjóni og tryggja sem mest má vera efnahag heimila og
13 fyrirtækja.

14
15 Landsfundurinn bendir þó á að þrátt fyrir að árangur hafi náðst á ýmsum sviðum enn er langt í
16 land með að íslenskt efnahagslíf sé með þeim hætti að fullnægjandi geti talist og hvetur til
17 þess að hvergi verði hvíkað frá þeim markmiðum sem sett voru í samstarfsyfirlýsingu
18 flokkanna þeim efnum með félagslegan jöfnuð að leiðarljósi.

19 *Ályktanahópur*

20 **Ríkisfjármálin**

21
22 Mikilvægasta verkefnið á því sviði er að haga útgjöldum og tekjuöflun ríkisins með þeim
23 hætti að auka félagslegan- og efnahagslegan jöfnuð í landinu. Landsfundurinn fagnar þeim
24 breytingum sem gerðar hafa verið í þeim tilgangi og árangri sem náðst hefur á því sviði og
25 hvetur stjórnarflokkana til að halda áfram á sömu braut.

26
27 Eftir áralanga stjórn sjálfstæðisflokksins á fjármálum ríkisins var svo komið að Ísland hafði
28 glatað öllum trausti og var í raun í efnahagslega einangrað á alþjóðavettvangi þegar ríkisstjórn
29 VG og Samfylkingar tók við völdum. Á þeim stutta tíma sem liðinn er hefur tekist að efla
30 trúverðuleika landsins á erlendum vettvangi og koma á nauðsynlegum efnahagslegum
31 samskiptum við aðrar þjóðir. Mörg erfið verkefni eru að baki á þeim vettvangi og ýmis konar
32 erfiðleikar framundan sem vinna þarf á.

33
34 *Ályktanahópur*

35 **Kynjuð hagstjórn**

36
37 Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna er kveðið á um að kynjuð hagstjórn verði höfð
38 að leiðarljósi við fjárlagagerð og efnahagsstjórn. Landsfundurinn fagnar því að nú hafa verið
39 tekin fyrstu skrefin í kynjaðri hagstjórn með kynjaðri fjárlagagerð sem í fyrsta sinn sjást merki
40 um í fjárlögum yfirstandandi árs. Mikilvægt er að hraða sem kostur er vinnu við að þróa
41 áfram kynjaða fjárlagagerð og kynjaða hagstjórn þannig að hún verði sem fyrst eðlilegur og
42 sjálfsagður hluti af fjárlagagerð hvers árs en ekki sérverkefni hverju sinni.

43 *Ályktanahópur*

44

Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn

1
2
3
4
5
6
7
8
9
10
11
12
13
14
15
16
17
18
19
20
21
22

Í kjölfar hrunsins var leitað aðstoðar Alþjóða gjaldeyrissjóðsins og einstakra landa við að fjármagna gjaldeyrisforða landsins og forða frekara efnahagslegu tjóni. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kom ekki til Íslands í boði Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs sem lagði þvert á móti til að aðrar leiðir yrðu farnar í samstarfi við vinnuþjóðir okkar. Landsfundurinn fagnar því sérstaklega að formlegu samstarfi við AGS sé nú lokið og að farsællega hafi tekist að ná tökum á ríkisfjármálunum undir stjórn formanns flokksins í stóli fjármálaráðherra. Árangur Íslands við að ná tökum á efnahagsmálum þjóðarinnar eftir fall íslenska fjármálakerfisins hefur vakið verðskuldaða athygli víða um lönd. Ekki síst hefur verið eftir því tekið að farnar hafa hér á landi en hjá öðrum löndum sem neyðst hafa til að fara í samstarfi við AGS og nýleg dæmi eru um.

Framundan eru enn mörg erfið verkefni sem vinna verður í samstarfi við aðrar þjóðir samkvæmt þeirri efnahagsáætlun sem unnið hefur verið eftir. Landsfundurinn leggur áherslu á að hvergi verði hvikað frá þeirri áætlun að jöfnuður í fjármálum náist innan settra tímamarka og jafnframt að hagur almennings verði ávallt hafður í fyrirrúmi við stjórn efnahagsmála ólíkt því sem áður tíðkaðist. Engum er betur treystandi fyrir því að leiða þá vinnu en Vinstrihreyfingunni – grænu framboði.

Ályktanahópur

Atvinnumál

Ályktun um atvinnuuppbyggingu á Húsavík og Suðurnesjum

Landsfundur VG fagnar áformum um fjölbreytta atvinnustarfsemi á Húsavík og beinir því til ríkisstjórnar að horfa eftir sambærilegum lausnum fyrir þann mikla vanda sem blasir við sveitarfélögum á Suðurnesjum.

Andrea Hjálmsdóttir, Dýrleif Skjöldal, Edward H. Huijbens, Hlynur Hallsson, Klara S. Sigurðardóttir, Kristín Sigfúsdóttir

Ályktun um sjávarútvegsmál

Landsfundur VG 2011 áréttar að stefna í sjávarútvegsmálum sem kemur fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar verði efnd strax á komandi Alþingi. Mikilvægt er að gjörbreyta núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi og tryggja að fiskveiðiauðlindin sé í þjóðareign, jafnræðis gætt við úthlutun aðgangs að henni og að arðurinn af auðlindaaðganginum renni til þjóðarinnar.

Andrés Rúnar Ingason

Ályktun um fiskveiðistjórnun

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar Græns framboðs, haldinn á Akureyri dagana 28. til 30. október, telur nauðsynlegt að fiskveiðar og fiskvinnsla verði ekki á sömu hendi. Grunnkrafa er að allur fiskur fari á markað.

Aðalfundur VG á Hornafirði

Repja til uppgræðslu og nytja

Landsfundur VG hvetur til þess að skoðaður sé sá kostur að rækta repju á stórum sandsvæðum en afurðir hennar má nýta m.a. til eldsneytis og matvælaframleiðslu.

Félagsfundur VG á Suðurnesjum

Ályktun um sjávarútvegsmál

Landsfundur VG styður áformaðar breytingar á stjórnkerfi fiskveiða og leggur áherslu á að kveðið sé á um það í lögum að nytjastofnar við Ísland séu í óskoraðri þjóðareign og að réttur sjávarbyggða og íbúa þeirra verði tryggður gagnvart nýtingu auðlindarinnar. Með frjálsum framsali aflaheimilda hafa íslenskar sjávarbyggðir misst eðlilega aðkomu og hlutdeild í þeirri atvinnugrein sem þær hafa byggt upp á löngum tíma. Standa þarf vörð um það grundvallar markmið lagabreytinganna að styrkja veiðar og vinnslu í sjávarbyggðum og auka búsetuöryggi á svæðum sem byggja afkomu sína að stóru leyti á sjávarútvegi. Landsfundur VG telur mikilvægt réttlætismál að ætla sjávarbyggðunum sérstaklega beina hlutdeild í gjöldum sem lögð eru á handhafa veiðiheimilda. Landsfundur VG leggur áherslu á að Ísland fari hér eftir sem hingað til með fullt forræði sjávarnytja við landið og rétt þjóðarinnar til sjálfbærrar nýtingar auðlinda, þar með talið sjávarspendýra.

Félagsfundur VG í Skagafirði

Ályktun um landbúnað og matvælaíðnað

Landsfundur VG leggur áherslu á stefnumál flokksins í landbúnaðarmálum þar sem áherslan á fjölbreyttan matvælaíðnað, fæðuöryggi, sjálfbærni, og samfélagslegt hlutverk landbúnaðarins í búsetumálum og fjölskyldurekstur eru lykilatriði. Fundurinn skorar á stjórnvöld að halda fast á hagsmunum þjóðarinnar í viðræðum við ESB í landbúnaðarmálum og varar við tilslökunum í þeim efnunum sem gætu enda haft ófyrirséðar afleiðingar þó svo að ekki komi til ESB aðildar. Þá ítrekar fundurinn ályktun flokksráðs frá síðasta ári um mikilvægi þess að ekki verði dregið úr vægi grunnatvinnuvega landsbyggðarinnar, sjávarútvegs og landbúnaðar innan stjórnarráðsins.

Félagsfundur VG í Skagafirði

Ályktun um atvinnumál

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs fagnar þeim árangri sem náðst hefur við fjölbreytta atvinnuuppbyggingu um land allt. Fundurinn fagnar sérstaklega góðu gengi ferðaþjónustunnar og markvissum aðgerðum stjórnvalda til að byggja upp ferðaþjónustu sem öflugan atvinnuveg allt árið um kring. Þá lýsir fundurinn ánægju með að skattaívilnunum hafi verið beitt til að styðja við sprotafyrirtæki vegna rannsóknar- og þróunarstarfa þannig að starfsumhverfi nýsköpunarfyrirtækja hefur tekið stórfelldum breytingum til batnaðar. Átaksverkefni stjórnvalda í viðhaldi opinberra bygginga og átakið *Allir vinna* hafa einnig skilað verulegum árangri. Mestu hefur þó skipt almennt umhverfi þar sem vextir hafa lækkað og verulegur árangur hefur náðst í að skapa stöðugt efnahagsumhverfi.

Þá lýsir fundurinn ánægju með aðgerðaáætlunina *Nám er vinnandi vegur* sem unnin var í miklu samráði ólíkra stjórnsmálaflokka og hagsmunaaðila og miðar að því að koma ungum atvinnuleitendum til náms. Fundurinn hvetur til þess að í þeirri uppbyggingu sem nú tekur við eftir tiltekt síðustu ára verði sérstaklega litið til þess að efla menntun og rannsóknir sem eru lykill að fjölbreyttri og sjálfbærri atvinnustefnu. Núverandi atvinnuleysi er óviðunandi og það er áriðandi forgangsverkefni að vinna bug á því; ekki með skyndilausnum heldur ábyrgri langtímauppbyggingu og stöðugleika í efnahagsmálum. Sú uppbygging þarf að taka mið af stöðu beggja kynja. Óviðunandi er að sjá launamun kynjanna aukast hjá hinu opinbera og hann þarf að afmá með öllu.

Atvinnustefna stjórnvalda verður að byggjast á fjölbreytni í stóru sem smáu. Fundurinn hvetur kjörna fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs til að hvíka hvergi af slíkri leið gegn einsleitri stóriðjustefnu liðinna tíma

Ályktanahópur

Ályktun um ferðaþjónustu

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs fagnar þeim mikla árangri sem náðst hefur í kynningu og markaðssetningu Íslands þrátt fyrir náttúruhamfarir og efnahagsleg áföll undanfarinna ára. Landsfundurinn fagnar einnig þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að ráðast í þriggja ára markaðs- og kynningarátak á íslenski ferðaþjónustu í samstarfi- og með þátttöku greinarinnar. Áframhaldandi markviss kynning á Íslandi sem áfangastað fyrir erlenda ferðamenn verður að taka mið af nýsamþykktu ferðamálaáætlun sem leggur áherslu á dreifingu ferðamanna um allt land og yfir allt árið, auknum rannsóknum, eflingu innviða og bætt aðgengi að nýjum áfangastöðum innanlands.

1
2 Innviðir ferðapjónustunnar hafa byggst hratt upp á undanförunum árum og greinin er orðin ein
3 af aðalútflutningsgreinum Íslendinga. Ferðapjónustan er sú atvinnugrein sem hraðast getur
4 aukið gjaldeyrstekjur og fjölgað störfum án umfangsmikilla fjárfestinga. Landsfundur VG
5 leggur áherslu á enn frekari þróun á framboði vara og þjónustu innan menningar- og
6 heilsuferðapjónustu. Á grunni vandaðrar úttektar á auðlindum greinarinnar er hægt að stórefla
7 nýsköpun á öllum sviðum og tryggja framsækna stefnumótun og sýn á forsendum
8 heimamanna.

9
10 Landsfundurinn leggur þunga áherslu á dreifingu ferðamanna um landið með markvissri
11 uppbyggingu nýrra áfangastaða sem dregið geta úr ágangi á vinsælustu svæðunum svo
12 tækifæri gefist til að bæta viðhald og öryggismál á þeim ferðamannastöðum sem þegar eru til
13 staðar. Auðvelda þarf framleiðslu og sölu á matvælum sem bændur og búalið hafa sett á
14 markað undir slagorðinu „beint frá býli“ og endurskoða þarf reglugerðir sem torvelda sölu á
15 heimaunnum matvælum sem einungis eru seld á heimamarkaði. Að lokum leggur landsfundur
16 VG áherslu á að öll frekari uppbygging ferðapjónustunnar og nýting auðlinda til lands og
17 sjávar taki mið af forsendum sjálfbærrar nýtingar með virðingu fyrir landinu, sögu okkar og
18 menningu.

19 *Ályktanahópur*

20 **Uppbygging ferðapjónustu í nágrenni Reykjavíkur**

21
22 Gríðarleg ásókn ferðamanna er í ýmiss konar náttúruskoðun í kringum höfuðborgarsvæðið.
23 Mikilvægt er að byggð verði upp að minnsta kosti þrjú ný stór ferðamannasvæði með fullri
24 þjónustu og nothæfum samgöngum í nágrenni Reykjavíkur. Hinn svokallaði Gullni Hringur
25 og Bláa Lónið taka ekki endalaust við og það er fyrir löngu tímabært að huga að móttöku
26 víðar án þess að skemma landið. Eitt á Reykjanesskaga, annað í Þjórsárdal og hið þriðja í
27 Hvalfirði. Þetta verði gert í samvinnu við umhverfisverndarfólk, heimamenn, minni
28 ferðapjónustufyrirtæki og sérfræðinga í fjölbreyttri og vistvænni ferðapjónustu, þar sem mikil
29 áhersla er á umhverfisvæna ferðamáta. Miklir ónýttir möguleikar til náttúruskoðunar og
30 ferðamennsku eru við bæjardyr Reykvíkinga á Reykjanesskaganum, en þar þarf að byrja á
31 stórfelldri tiltekt eftir ólíðandi slæma umgengni orkufyrirtækja. Þjórsárdalur var eitt af
32 þekktustu ferðamannasvæðum Íslendinga á árum áður, en sökum fullkomins skorts á
33 þjónustu, vandræðagangs í skipulagi og einhliða áherslu sveitarfélagsins á raforkuvinnslu hafa
34 vinsældir Þjórsárdals minnkað en ekki aukist eins og möguleikar gefa tilefni til.

35
36 *Ályktanahópur*

37 **Styðjum sölu beint frá býli**

38
39 Gera þarf gangskör að því strax að ryðja úr vegi óeðlilegum hindrunum sem torvelda sölu
40 beint frá býli og valda þeim sem hana stunda mikilli óþarfa vinnu og kostnaði án þess að
41 draga úr kröfum um gott og skilvirkt matvælaeftirlit. Skýra þarf lög og enda geta
42 veitingahúsastaðlar ómögulega átt við um heimasölu matvæla. Sala á alls konar matvælum
43 beint frá býli er hraðvaxandi, þann atvinnuveg þarf að styðja með sanngjörnum reglum og
44 víðari túlkunum en nú tíðkast. Stefnt skal að því að hægt verði að selja á löglegan hátt kjöt,
45 fisk, brauð, mjólkurvörur, unnið grænmeti, sultur og hvaðeina. Slátrun í minni sláturhúsum
46 verði leyfð fyrir kjöt sem eingöngu er selt á heimamarkaði.

47 *Ályktanahópur*

Ályktun um landbúnað

Sjálfbær og umhverfissvænn landbúnaður

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs ítrekar að öflugur og framsækinn landbúnaður er einn af hornsteinum íslensks samfélags. Stefna skal að sem sjálfbærustum landbúnaði á Íslandi með tilliti til áburðarnotkunar og orkuframleiðslu. Landbúnað á Íslandi verður, líkt og alla aðra starfsemi, að reka í sátt við umhverfið. Ætíð skal leitast við að velja þá búskaparhætti sem henta landgæðum sem best og allt búfjárhald ber að lúta eðlilegum reglum um dýravelferð.

Stuðningur við landbúnað

Til að tryggja eðlilega og nauðsynlega nýliðun í landbúnaði þarf að bæta aðgengi að fjármagni á eðlilegum kjörum fyrir þau sem vilja hefja búvöruframleiðslu. Fjölskyldubúi verði áfram einn af meginhornsteinum landbúnaðarstefnunnar á Íslandi og á þeim grunni verði stuðningur við greinina byggður upp. Stuðningi við mjólkur- og sauðfjárframleiðslu verði háttað þannig að enginn einn aðili geti haft yfirráð yfir meira en 1% af greiðslumarki viðkomandi búgreinar og þannig verði hámarksstuðningur ríkisins til einstakra framleiðenda aldrei hærri en það hlutfall. Sömuleiðis verði settar hömlur á eignarhluta einstakra aðila að framleiðslu annarra kjöttegunda þannig að einstök fyrirtæki megi ekki eiga meira en sem nemur 5% af heildarkjötneyslu í landinu. Tryggja þarf að framleiðendur lífrænna afurða búi við sambærileg kjör og búin eru lífrænum búskap í nálægum löndum.

Efling rannsókna og nýsköpunar í landbúnaði

Skoða þarf möguleika á að endurreisa Framleiðnisjóð landbúnaðarins og að honum verði sett þau markmið að stuðla að og efla rannsóknir og nýsköpun í landbúnaði en með hlýnandi veðurfari hafa t.d. opnast ýmsir nýir möguleikar til ræktunar á Íslandi. Hið fyrsta þarf að gera heildarúttekt á því hvernig nýtingu búfjáraþurðar sé háttað og tryggja eðlilega nýtingu þessarar auðlindar. Þá þarf að kanna af fullri alvöru kosti þess og galla að byggja hér áburðarverksmiðju. Efla ber rannsóknir á möguleikum sem fólgnir eru í orkuframleiðslu í landbúnaði.

Jafnir möguleikar dreifbýlis og þéttbýlis

Tryggja þarf að dreifbýlið búi við sömu skilyrði og þéttbýlið hvað varðar t.d. verð og afhendingaröryggi á raforku. Tryggja þarf strax að grænmetisframleiðendur sem nýta raforku til lýsingar gróðurhúsa fái orkuna á eðlilegu verði og þeim þannig gert kleift að auka markaðshlutdeild sína á innlendum markaði og eftir atvikum flytja út afurðir sínar.

Merkingar á matvælum

Tryggja verður að allar landbúnaðarvörur sem seldar eru hér á landi verði upprunamerktar og þess gætt að sömu gæðakröfur séu gerðar til innfluttra matvæla og þeirra sem framleidd eru hér á landi. Þetta á að vera sjálfsagt mál m.t.t. matvælaöryggis. Tryggja að allar afurðir sem innihalda vörur úr erfðabreyttri framleiðslu og eru til sölu á Íslandi verði merktar sérstaklega.

Framtíðarstefna fyrir íslenskan landbúnað

Vinstrihreyfingin-grænt framboð vill beita sér fyrir því að unnin verði heildarendurskoðun á landbúnaðarstefnu á Íslandi. Í þá vinnu verði kallaðir til allir aðilar sem hagsmuna hafa að gæta varðandi framleiðslu landbúnaðarvara í landinu.

Ályktanahópur

Ályktanir um sjávarútvegsmál

a) Stjórn fiskveiða

Landsfundur fagnar því að hafin er markviss vinna við endurskoðun laga um stjórn fiskveiða eins og kveðið er á um í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna. Í upphafi kjörtímabilsins skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfshóp hagsmunaaðila í sjávarútvegi, sérfræðinga auk fulltrúa allra stjórnmalaflokka á Alþingi sem fengið var það verkefni að leggja fram valkosti til úrbóta um framtíðarskipan malaflokksins. Niðurstaða hópsins er mjög í anda stefnu stjórnarflokkanna um skýrt eignarhald þjóðarinnar á auðlindum sjávar, sjálfbæra nýtingu fiskistofna auk skýrra leikreglna um hvernig réttinum til nýtingar þeirra verður best háttað. Landsfundurinn beinir því til þingmanna og ráðherra flokksins að vinna áfram að endurskoðun laga um stjórn fiskveiða í þeim anda sem starfshópurinn leggur til og leiða með þeim hætti til lykta áralangar deilur meðal þjóðarinnar um þessa mikilvægu atvinnugrein.

b) Fiskvinnsla

Landsfundurinn ályktar að innlend fiskvinnsla skuli hafa forgang á vinnslu á afla veiddum á Íslandsmiðum. Til þess að svo verði þarf að takmarka frekar útflutning á óunnum afla og bjóða hann innlendum aðilum til vinnslu. Með þeim hætti má auka virði sjávarfangs umtalsvert, skapa fleiri störf í fiskvinnslu og bæta efnahag landsins. [athugasemd LRM: Aðskilnaður verði milli veiða og vinnslu og fiskvinnsla í landi og á sjó sé í sambærilegu rekstrarumhverfi].

c) Vernd og nýting auðlinda sjávar

Landsfundur bendir á að nýting auðlinda sjávar á að vera háð sömu skilyrðum og nýting annarra auðlinda á landi eins og þær eru skilgreindar í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að. Fylgja verður þeirri meginreglu að auðlindir sjávar verði nýttar með sjálfbærum hætti, samfélagslega og efnahagslega. Til að svo megi verða telur landsfundurinn að nauðsynlegt sé að færa stjórn verndar og nýtingar undir sömu stjórnsýslu og hefur með sömu mál að fara varðandi aðrar sameiginlegar auðlindir sjávar.

Ályktanahópur

Ályktun um sjávarútvegsmál

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs fagnar því að heildarendurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða hefur farið fram og að lagt hafi verið fram á Alþingi frumvarp til nýrra fiskveiðistjórnarlaga samkvæmt samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna.

Landsfundurinn telur þær breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu sem nú þegar hafa náð fram að ganga skipta miklu máli og hafi skapað fjölda starfa og leitt til eflingar sjávarbyggða, nýliðunar í greininni og aukins hagnaðar samfélagsins.

Landsfundurinn telur mikilvægt að á 140. lögjafarþingi verði lögð fram og afgreidd ný lög um stjórn fiskveiða sem tryggi réttláta skiptingu fiskveiðiauðlindarinnar sem byggir á stjórnarsáttmála ríkisstjórnarflokkanna, jafnræðis- og atvinnufrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar og álitum mannréttindanefndar SP, ásamt tillögu stjórnlagaráðs að nýju auðlindaákvæði í stjórnarskrá.

Landsfundurinn telur að í nýjum fiskveiðistjórnarlögum verði að líta til samfélagslegra sjónarmiða samhliða arðsemiskröfu greinarinnar og brýnt sé að sjávarbyggðir landsins geti

1 aftur orðið sjálfbærar og njóti nálægðar við gjöful fiskimið og þess mannaúðs og fjárfestinga
2 sem þar hafa byggst upp.

3

4 Landsfundurinn telur að strandveiðar hafi sannað sig og séu mikilvægur þáttur í að tryggja
5 nýliðun og búsetu í sjávarbyggðum og dreifðari eignaraðild í greininni og leggur því til að
6 strandveiðar verði auknar innan skilgreindar strandveiðilandhelgi að uppfylltum ströngum
7 skilyrðum og þar með verði álitni mannréttindanefndar SP um jafnræði og atvinnufrelsi að
8 fullu mætt.

9

10 Með tryggara aðgengi að sjávarauðlindinni og þar með meira atvinnuöryggi íbúa
11 sjávarbyggða aukast möguleikar á uppbyggingu annarra greina og fjölbreytni í atvinnu og
12 menntun á svæðinu.

13 Landsfundurinn telur mikilvægt að tryggt sé skýrt eignarhald þjóðarinnar á auðlindum sjávar
14 þar sem framsal aflaheimilda og óbein veðsetning þeirra hefur ýtt undir eignarréttarkröfu
15 útgerðarmanna á auðlindinni. Þegar horft er til reynslu sl. 20. ára af áhrifum framsals og
16 veðsetninga í greininni er ljóst að sú gagnrýni og andstaða sem þá var á þingi og úti í
17 þjóðfélaginu við lögin var fullkomlega réttmæt, því lögin hafa fest núverandi kerfi í sessi og
18 ýtt undir eignar- og skaðabótakröfu útgerðarmanna ef kerfinu verði breytt að þessu leyti.
19 Tryggja verður að sjávarauðlindin eða réttindi tengd henni verði ekki seld eða veðsett í
20 framtíðinni.

21

22 Landsfundurinn telur það aldrei brýnna en einmitt nú þegar unnið er að endurreisn
23 efnahagskerfis landsins í kjölfar bankahrunsins sem þróun núverandi fiskveiðilöggjafar átti
24 líka sinn þátt í, að samhliða þeirri vinnu verði komið á nýrri réttlátari fiskveiðilöggjöf sem
25 treysti atvinnu og eflir byggð í landinu og skapi sátt meðal þjóðarinnar um eignarhald og
26 nýtingu auðlinda sjávar.

27

28 Landsfundurinn hvetur því þingmenn og ráðherra flokksins að standa þétt saman í þeirri
29 baráttu sem framundan er við þrönga sérhagsmunagæslu og varðstöðu við núverandi
30 fiskveiðilöggjöf og tryggja að heildarhagsmunir í þessari mikilvægu atvinnugrein og
31 hagsmunir þjóðarinnar fari saman í nýjum lögum um stjórn fiskveiða.

32

33

Ályktanahópur

34

Skapandi greinar

35

36 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs telur að skapandi greinar feli í sér
37 mikil sóknarfæri í íslensku atvinnulífi. Ný rannsókn sem sýnir að skapandi greinar velta álíka
38 miklu og áliðnaðurinn án þess að hafa í för með sér sambærileg náttúruspjöll og orkunýtingu
39 sýnir svart á hvítu að atvinnustarfsemi sem byggir á hugviti er ekki aðeins möguleg heldur
40 veitir nú þegar fjölda fólks vinnu um land allt. Fundurinn hvetur kjörna fulltrúa VG til að
41 vinna að því að þessar greinar verði mikilvægur hluti af atvinnustefnu til framtíðar fyrir
42 Ísland. Ennfremur að hið opinbera styrki við þessar greinar með því tryggja öflugt nám og
43 menntun í skapandi greinum, stuðning við nýja sprota og að myndarlega verði staðið að
44 kynningu á íslenskri menningu, bæði innanlands og utan. Þá er mikilvægt að stjórnvöld eigi
45 virkt samráð við fulltrúa hinna skapandi greina, rétt eins og önnur samtök atvinnulífs, þegar
46 unnið er að framtíðarstefnumótun í atvinnu- og menntamálum.

47

Ályktanahópur

Nýsköpunarsjóður námsmanna

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs hvetur til þess að opinber framlög til Nýsköpunarsjóðs námsmanna verði aukin. Í tíð núverandi ríkisstjórnar hafa verið settar aukafjárveitingar í Nýsköpunarsjóð námsmanna með frábærum árangri þar sem hundruð námsmanna hafa fengið sumarstörf við nýsköpun og bestu verkefnið reynst sprotar sem þegar eru farnir að dafna á nýjum vettvangi. Fundurinn hvetur til þess að þessar fjárveitingar verði auknar til frambúðar, til marks um nýjar áherslur stjórnvalda í atvinnumálum.

Ályktanahópur

Ályktun um byggingariðnað

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs haldinn í menningarhúsinu Hofi á Akureyri dagana 28. – 30. október 2011 telur afar brýnt að þegar verði gripið til aðgerða til þess að endurreisa og styrkja byggingariðnað á Íslandi.

Landsfundurinn telur mikilvægt að þegar í stað verði ráðist í mannaflsfrekar framkvæmdir við byggingu leiguíbúða, endurnýjun íbúðarhúsnæðis og opinberra bygginga til þess að tryggja að verkleg þekking, byggingarhefð og menning glatist ekki eða flytjist úr landi. Fundurinn telur einnig afar brýnt að sveitarfélögum verði gert kleift að standa að eðlilegri endurnýjun og nýbyggingu mannvirkja sem nýtast fyrir grunnþjónustu þeirra. Sveitarfélögum á landsbyggðinni verði gert kleift að byggja og endurnýja húsnæði með sérstakri *íbúðaávilnun*.

Landsfundurinn leggur áherslu á að þessari ályktun sé fylgt eftir með raunverulegum aðgerðum til þess að renna styrkari stoðum undir byggingarstarfssemi allsstaðar á landinu og til þess að byggð geti þróast og dafnað.

Ályktanahópur

Byggða- og samgöngumál

Ályktun um jöfnuð landsbyggðar og höfuðborgar

Landsfundur VG skorar á ríkisstjórnina að beita sér fyrir jöfnun lífskjara á milli landsbyggðar og höfuðborgar. Er sérstaklega brýnt að:

- Jafna flutningskostnað fyrirtækja á landsbyggðinni og þeirra sem starfa á höfuðborgarsvæðinu.
- Fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni og tryggja starfsemi í heilbrigðis- og menntakerfi á landinu öllu, samhliða mikilli uppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu. Tryggja þarf að sú uppbygging komi ekki niður á störfum á landsbyggðinni.
- Standa að baki öflugu menningarstarfi á landsbyggðinni.
- Tryggja gæði og öryggi samgangna milli og innan byggðalaga.
- Við endurskipulagningu fjármálakerfisins þarf sérstaklega að huga að og styðja við bankastafsemi sem starfar á samfélagslegum grunni.
- Að tryggja að fyrirtæki á landsbyggðinni sitji við sama borð og fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu varðandi úrvinnslu skulda og endurskipulagningu lána, bæði hvað varðar biðtíma sem og úrvinnsluna í heild.

Andrea Hjálmsdóttir, Dýrleif Skjöldal, Edward H. Huijbens, Guðrún Þórsdóttir, Hlynur Hallsson, Klara S. Sigurðardóttir, Kristín Sigfúsdóttir, Sóley Björk Stefánsdóttir

Ályktun um vegaf framkvæmdir

Landsfundur VG lýsir yfir andstöðu við vegatolla á stofnvegum á suðvesturhorninu. Fundurinn telur að skoða beri möguleika á að bæta samgöngur milli Reykjavíkur og Selfoss meira með 2+1 vegi í stað þess að ráðast í fjórbreiðan veg. Þá telur fundurinn brýnt að unnið verði að almennum vegbótum þar sem sérstaklega yrði horft til þess að fækka einbreiðum brúm og hættulegum vegköflum á hringveginum.

Andrés Rúnar Ingason

Ályktun um Reykjavíkurflugvöll

Landsfundur VG telur það tímaskekkju eins og staðan er í dag að færa Reykjavíkurflugvöll. Hann gegnir mikilvægu hlutverki fyrir landsbyggðina og eru engar forsendur til að færa starfsemina annað meðan þorri stjórnarsýslu og þjónustu er í miðborg Reykjavíkur. Með öflugri samgöngutengingu t.d. með rafmagnshraðlest við Keflavík gætu forsendur breyst.

Andrea Hjálmsdóttir, Dýrleif Skjöldal, Edward H. Huijbens, Guðrún Þórsdóttir, Klara S. Sigurðardóttir, Kristín Sigfúsdóttir, Sóley Björk Stefánsdóttir

Almenningssamgöngur og aðgengi að grunnþjónustu

Landsfundur VG leggur áherslu á eflingu almenningssamgangna um land allt þar sem almenningssamgöngur í landinu sem tryggja aðgengi landsbyggðarinnar að almannþjónustu í kjarna höfuðborgarinnar. Í því sambandi gegnir Reykjavíkurflugvöllur veigamiklu hlutverki. Staðsetning hátækni heilbrigðisþjónustu fyrir landið allt í miðborginni undirstrikar mikilvægi flugvallarins og skorar landsfundurinn á samgönguyfirvöld að standa vörð um grunnstarfssemi flugvallarsvæðisins. Þá skorar Landsfundur VG á samgönguyfirvöld að

1 tryggja áframhaldandi reglubundið áætlunarflug milli Vatnsmyrárinnar og helstu
2 þéttbýliskjarna á landsbyggðinni og að tryggt verði reglubundið áætlunarflug til allra
3 landshluta.

4 *Félagsfundur VG í Skagafirði*

5 **Öflug heilbrigðisþjónusta og heilsugæsla um land allt**

6
7 Landsfundur VG ítrekar mikilvægi góðrar heilbrigðisþjónustu og heilsugæslu fyrir alla
8 landsmenn. Sérstök áhersla er lögð á að standa vörð um þjónustuna á hinum minni
9 heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni og minnt á að öflug heilbrigðisþjónusta er ein af
10 grunnstoðum búsetu um land allt. Fundurinn lýsir áhyggjum sínum yfir þeim mikla
11 niðurskurði sem áfram er boðaður í heilbrigðiskerfinu og bitnar ekki síst á minni
12 heilbrigðisstofnunum í dreifbýlinu sem sumar eru nú þegar illa leiknar vegna niðurskurðar.
13 Þessi mikli niðurskurður er í besta falli vafasamur og má ekki verða til þess að höggva á
14 grunnbyggingu heilbrigðis- og velferðarkerfisins í öllu landinu.

15
16 Fundurinn hafnar því að gerðar verði grundvallarbreytingar á skipulagi þeirrar
17 heilbrigðisþjónustu sem byggð hefur verið upp í landinu á undanförunum áratugum hvað
18 varðar aðgengi að heilbrigðis- og sjúkraþjónustu í heilu landshlutunum og leggur áherslu á
19 jafnan rétt landsmanna til velferðarþjónustu óháð búsetu. Fundurinn ítrekar enn fremur fyrri
20 ályktanir um að bein aðkoma heimamanna að stjórnun heilbrigðisstofnanna verði tryggð á
21 nýjan leik. Landsfundur VG vill minna á að fleiri leiðir eru færar í hagræðingu í
22 heilbrigðiskerfinu en beinn niðurskurður, þ.m.t að auka samvinnu og nýta sérstöðu hversrar
23 stofnunar mun meira en gert er. Að beina öllu álagi í heilbrigðiskerfinu á tvo staði, Akureyri
24 og Reykjavík, er engum til hagsbóta þegar til lengri tíma er litið. Vinstrihreyfingin – grænt
25 framboð var stofnuð til að standa vörð um jöfnuð og velferð. Þessi stefnumarkmið þurfa að
26 birtist í verki í fjárlagagerð stjórnvalda.

27 *Félagsfundur VG í Skagafirði*

28 **Vegagerð orkufyrirtækja nýtist almenningi**

29
30 Tryggt verði að vegir og akstursslóðar orkufyrirtækjanna verði þannig úr garði gerðir að þeir
31 nýtist almenningi, þeir séu vel merktir og vakin athygli á því sem þar er að sjá, auk þess sem
32 tilurð hvers vegar sé útskýrð á skilti við upphaf og enda vegarins. Þá sjái orkufyrirtækin um
33 viðhald veganna. Eins og staðan er hafa orkufyrirtækin fengið nokkuð frjálstan aðgang til
34 vegagerðar, að því er virðist oft án umhverfismats eða tilkynningaskyldu af neinu tagi.
35 Sprottið hafa upp vegir vítt og breitt um jarðhitasvæði og um hálendið. Þeim er gjarnan illa
36 viðhaldið, enginn veit hvert þeir liggja eða hver á þá og eina merkingin er oft STAFF
37 ONLY. Orkufyrirtækin guma af því að vegalagning þeirra hafi opnað landið fyrir
38 ferðamönnum en það er langt frá því að vera reglan. Samvinna orkufyrirtækja við
39 ferðarþjónustuna hefur hingað til verið algjörlega á forsendum orkugeirans, því þarf að breyta
40 og setja orkugeiranum strangari umgengnisreglur við íslenska náttúru við vegagerð og annað
41 rask. Af því hlytist mikill virðisauki í ferðarþjónustu og bæði bætt og aukin umgengni við
42 landið.

43 *Ályktanahópur*

44

Almenningssamgöngur, orkusparnaður og einkabílismi

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs beinir því til innanríkisráðherra að endurskoða námskrá fyrir almenn ökuréttindi með það fyrir augum að auka áherslu á vistakstur sem verði útgangspunktur jafnt í verklegum- sem og bóklegum þætti almennrar ökukennslu.

Jafnframt tekur landsfundur undir tillögu samgönguráðs um að ríkið fresti stórframkvæmdum í vegagerð á höfuðborgarsvæðinu og leggi þess í stað til tíu milljarða króna til eflingar á almenningssamgöngum í þéttbýli á næstu tíu árum. Framlag ríkisins komi á móti framlagi sveitarfélaga og endurskoðist á tveggja ára fresti að fenginni reynslu af verkefnum.

Þá beinir landsfundur því til Alþingis að veita sveitarfélögum lagastoð til þess að innheimta umhverfisgjöld af eigendum einkabíla í samræmi við mengunarbótaregluna.

Greinargerð

Með vistakstri er hægt að draga umtalsvert úr notkun eldsneytis og losun mengandi efna. Á vistakstursnámskeiðum er nemendum kennt að hirða um ökutæki og haga akstri þannig að eldsneytisnotkun sé haldið í lágmarki. Meðal eldsneytissparnaður þeirra sem sækja vistakstursnámskeið er talin vera á bilinu 10-18% auk þess sem vistakstur hefur fleira jákvætt í för með sér, s.s. minna slit á ökutækjum og aukið umferðaröryggi. Að svo komnu máli eru vistakstursnámskeið haldin fyrir þá einstaklinga sem þau vilja sækja, enda hafi viðkomandi a.m.k. almenn ökuréttindi. Hinsvegar er aðeins lítillaga fjallað um vistakstur í gildandi námskrá fyrir almenn ökuréttindi.

Starfshópur innan samgönguráðs hefur unnið að tillögum um grunnnet almenningssamgangna og hjólreiða, þannig að þar sé að finna svipað grunnnet og varðandi vegi, hafnir og flugvelli. Grunnetið á suðvesturhorni landsins ætti að tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og borgarhverfi með 10 þúsund íbúa eða meira. Netið yrði samtengt öðrum samgöngumátum, flugi og höfnum og tengdist einnig almenningssamgöngum við Árborg, Akranes og Reykjanesbæ. Ríkið hefur lítið sem ekkert komið að almenningssamgöngum í þéttbýli en hinsvegar hafa verið veittir styrkir til almenningssamgangna á landsbyggðinni, til ferja, vegna sérleyfa og til flugs eða sem nemur um 10 prósentum af fé til vegamála. Tillagan gengur út á að stórframkvæmdum í annarri vegagerð á höfuðborgarsvæðinu verði frestað.

Gjaldtaka sveitarfélaga vegna bílaeignar þekkist varla á Íslandi nema þá helst í formi bílastæðagjalda og óbeint í formi gatnagerðargjalda. Ekki hefur tekist að stemma stigu við einkabílanotkun á Íslandi sem er meðal þeirra landa þar sem einkabílaeign er hvað mest á hvern íbúa. Fyrir vikið hlýst af mikill kostnaðar hjá sveitarfélögunum vegna landnotkunar, gatnagerðar og viðhalds og annarrar mannvirkjagerðar til þess að þjónusta einkabílinn án þess að notendur þjónustunnar greiði þann kostnað sem sannanlega fellur til. Almenningsamgöngur og aðrir umhverfisvænni ferðamátar hafa liðið fyrir þessa stefnu. Með heimild til álagningar umhverfisgjalda fyrir einkabílaeign yrði kostnaði við samgöngur dreift á íbúa með réttlátari hætti í samræmi við mengunarbótaregluna.

Ályktanahópur

Frjáls för fólks

Ríki og sveitarfélög styðji gerð göngu- og hjólastíga á vinsælum ferðamannastöðum í stórauðnum mæli og fylgi því fast eftir með nauðsynlegum viðurlögum að landeigendur loki ekki gömlum þjóðleiðum, eða óræktuðu landi, eins og alsíða er orðið eftir að fyrirtæki og einstaklingar sem ekki stunda búskap fóru að kaupa upp jarðir í stórum stíl. Óheimilt verði með öllu að læsa heimreiðum, eða girða af vötn og skóga til að takmarka umferð gangandi fólks. Gamla leiðir verði einnig opnar ríðandi fólki og hefðbundnir bílvegir sem haldið er við af opinberum aðilum séu aldrei lokaðir. Þetta er grundvallaratriði fyrir ferðamenskuna, því ferðapjónustuuppbygging líður nú þegar fyrir umgengni fjárfesta á eignarlöndum.

Ályktanahópur

Ályktun um almennarétt

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs hvetur kjörna fulltrúa til að vinna að því að réttur almennings til að ferðast um landið verði enn ríkari, bæði í lögum um náttúruvernd og stjórnarskrá. Nú stendur yfir endurskoðun á stjórnarskrá og boðuð hefur verið endurskoðun á náttúruverndarlögum með nýrri hvítbók umhverfissráðuneytis. Því er lag til að skerpa á þessum rétti og kveða á um öflugra eftirlit með því að efla landvörslu um land allt og skerpa á refsheimildum.

Greinargerð

Í náttúruverndarlögum sem sett voru 1999 var ríkar kveðið á um rétt almennings til að ferðast um landið en áður hafði verið gert og var markmiðið að fólk gæti kynnt sér bæði náttúru og menningarminjar. Nú, rúmum áratug síðar, hefur umhverfissráðuneytið sent frá sér hvítbók um náttúruverndarlög en þar er komist að þeirra niðurstöðu að enn megi styrkja stöðu almennaréttar, bæði í náttúruverndarlögum og stjórnarskrá. Væri það í samræmi við þróun sambærilegra laga annars staðar á Norðurlöndum. Þá er mikilvægt að slíkum lagaákvæðum sé fylgt eftir með virkum hætti, bæði með refsingum gagnvart þeim sem meina almenningsi för en einnig með eftirliti sem best verður náð með því að efla landvörslu um land allt.

Ályktanahópur

Lýðræðisstefna Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

Lýðræðisstefna Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs byggir á hugmyndinni um sjálfsákvörðunarrétt íbúanna. Almenn réttindi til þjóðaratkvæðagreiðslna samfara upplýstri, opinberri umræðu sem undanfara ákvarðana, eru verkfæri sem gera beint lýðræði mögulegt

Vinstrihreyfingin – grænt framboðs stefnir að beinu lýðræði fyrir Íslendinga og milliliðalausri þátttöku þeirra í ákvörðunum, bæði á sveitarstjórnarstigi og innan stjórnarráðs. Ef a.m.k 10% atkvæðisbærra íbúa krefjast atkvæðagreiðslu um ákveðin mál skulu greidd um þau atkvæði. Sömuleiðis verði íbúum tryggður réttur til að koma að gerð áætlana sveitarfélaga og ríkisins og skapaðir möguleikar fyrir almenning að koma málum á dagskrá og til atkvæðagreiðslu. Réttur allra atkvæðisbærra íbúa til lýðræðislegrar þátttöku verði tryggður án mismununar af nokkru tagi.

Íbúalýðræði

Vinstrihreyfingin – grænt framboð stefnir að opnu íbúalýðræði og þátttöku íbúa í stjórnun og skipulagi nærumhverfis síns. Hverfisráð/nefndir skulu vera hluti af stjórnkerfi allra sveitarfélaga með fleiri en 10 þúsund íbúa. Það sama á við um sveitarfélög með fleiri en einn byggðarkjarna, þó íbúatala sveitarfélagsins nái ekki 10 þúsund íbúum. Styðja skal stofnun íbúasamtaka og skulu þau eiga fulltrúa í hverfisráðum/nefndum, þar sem þau eru til staðar. Íbúasamtök og hverfisráð/nefndir skulu án undantekninga eiga aðkomu að ákvörðun um skipulagsmál, umhverfismál, umferðarmál og skiptingu og notkun opinbers fjármagns í nærumhverfinu. Sveitarstjórnir skulu undir öllum kringumstæðum leita til íbúasamtaka í undirbúningsvinnu í þessum málaflokkum. Slíkt samráð þarf að þróa sem opið og gagnsætt ferli og þarf að skilgreina með reglugerðarákvæðum. Þar sem hverfisráð/nefndir eru hluti af stjórnkerfi sveitarfélags skulu hverfisráð/nefndir teljast til fagráða/nefnda og því á sama stað í stjórnkerfinu og ráð/nefndir eins og skipulagsráð/nefnd, byggingaráð/nefnd, velferðarráð/nefnd, menntaráð/nefnd o.s.frv. með bein tengsl við sveitarstjórn.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð styður einnig beina kosningu íbúa til setu í hverfisráði/nefnd og til aðkomu að vinnu sveitarstjórna og embættismanna að ákveðnum málum og málaflokkum með þeim fyrirvara að ráðið/nefndin hafi einnig beina aðkomu að sveitarstjórn.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð styður opna stjórnsýslu með þátttöku íbúa, samráði við íbúa og beinar atkvæðagreiðslur íbúa um mál er varða þá beint. Tryggja þarf með lagaákvæðum að lýðræðisleg niðurstaða íbúakosninga sé bindandi fyrir stjórnvöld. Vinstrihreyfingin – grænt framboð hvetur til frumkvæðis íbúa til þess að hafa áhrif á líf sitt og nærumhverfi með óskum um fundi, um upptöku mála í sveitarstjórnnum og fagráðum/nefndum, um kosningar um mál og málefni, um aðild að undirbúningi og úrvinnslu mála og málefna o.s.frv.

Stefnt skal að því svo fljótt sem verða má að íbúar komi beint að undirbúningi, skipulagningu og gerð fjárhagsáætlana, skipulags-, umhverfis- og samgöngumála, velferðarmála og menntamála í sínu nærumhverfi. Slíkt getur gerst með beinni aðkomu íbúasamtaka að vinnu sveitarstjórnar og embættismanna eða í gegnum sveitarstjórnir og hverfisráð/nefndir.

Barna- og ungmennalýðræði

Lýðræði er ekki einungis fyrir fullorðið fólk og á forsendum þess. Með því að auka lýðræðislega þátttöku fólks með fjölbreyttari hætti og hverfa frá einsleitu fulltrúalýðræði, má einnig auka aðkomu og áhrif barna og ungs fólks að samfélagslegum ákvörðunum og ákvörðunum sem varða þau sjálf.

Vinstri græn hvetja bæði ríki og sveitarfélög til að hafa frumkvæði að því að efla barna- og ungmennalýðræði. Til þess væri æskilegt að lögbinda starf barna- og ungmennaráða um land allt og ráðgjafahlutverk þeirra gagnvart Alþingi og sveitarstjórnnum.

Vinstri græn átta sig á að uppeldi barna er sameiginlegt viðfangsefni foreldra, skóla og samfélags og að lýðræðislegt uppeldi sé því á ábyrgð þeirra. Það er von Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs að lýðræðisstof nýrrar námskrár verði innleidd í alla skóla landsins og að foreldrar og aðrir uppalendur séu meðvitaðir um lýðræðisuppeldi barna sinna.

Lýðræðislegt hagkerfi

Lýðræðisstefna Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs nær til allra sviða samfélagsins. Hún undanskilur ekki efnahagslífið, en þar hefur að mestu ríkt alræði þeirra sem höndla með fjármagnið og síðustu áratugina hafa almannaþyrtingar í auknum mæli verið einkavædd eða lögð niður og hagsmunir fjármagnseigenda verið teknir fram yfir almannahagsmuni. Samvinnuhreyfingin sem í árdaga var að ýmsu leyti lýðræðislega uppbyggð, Síminn, sparisjóðir, bæjarútgerðir og síldarverksmiðjur eru dæmi um þetta.

Samfélag sem einkennist af óheftum yfirgangi fjármagnseigenda verður aldrei lýðræðislegt því leikurinn er ójafn og völdin eru þeirra sem í gegnum einkaeignaréttinn ráða yfir fjármagninu. Stundargróðasjónarmiðum fjármagnseigenda fylgir óhjákvæmilega sóun á auðlindum með tilheyrandi umhverfisspjöllum og röskun á vistkerfi og náttúru.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð hvetur ríki og sveitarfélög til þess að taka að nýju upp rekstur almannaþyrtinga sem hafa verið lögð niður eða einkavædd í frjálshyggjuæði undanfarinna ára. Einnig að byggð verða upp ný fyrirtæki til að sinna nauðsynlegri almannaþjónustu. Jafnframt er hvatt til stofnunar lýðræðislegra samvinnufélaga um húsnæði, smásöluverslun og sparisjóði. Vinstrihreyfingin – grænt framboð hvetur til þess að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á löggjöf um samvinnufélög sem tryggi rekstrarform fyrirtækja sem byggja á grundvelli lýðræðis.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð styður lýðræðisvæðingu fyrirtækja og stofnana þar sem starfsmenn kjósa sér fulltrúa sem stjórna fyrirtækinu og umboð stjórnenda verður endurnýjað reglulega á lýðræðislegan hátt. Lýðræðislegur rekstur fyrirtækja eykur líkur á sjálfbærum rekstri, gagnsæjum stjórnarháttum, atvinnuöryggi, launajöfnuði og góðum félagslegum aðbúnaði starfsmanna.

Starfshópur um lýðræðismál

2 **Skýrsla skipulagsnefndar VG til landsfundar VG**

3
4 Hér fylgir skýrsla skipulagsnefndar VG til landsfundar VG 28.-30. október 2011. Nefndin var
5 skipuð samkvæmt ákvörðun stjórnar þann 1. júlí 2011. Í nefndinni hafa starfað þau Árni Þór
6 Sigurðsson, Bjarkey Gunnarsdóttir, Jóhannes Ágústsson og Líf Magneudóttir. Nefndin hefur
7 starfað í samræmi við samþykktir flokksráðs 20.-21. maí 2011 um „Skipun nefndar sem
8 endurskoði skipulag VG“ og 25.-26. júní 2010 um „Vinnulag innan flokksins“. Í skýrslunni
9 koma fram tillögur og hugmyndir nefndarmanna ætlaðar til frekari umræðna á meðal
10 flokksmanna, umræðna sem vonandi munu leiða til ákvarðanna síðar. Fram komu tillögur um
11 lagabreytingar, aðallega hvað varðar forval og skipulag funda, sem fram koma í tillögum
12 lagabreytinganefndar.

13
14 **Skipun nefndar sem endurskoði skipulag VG**

15 *Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík dagana 20.-*
16 *21. maí 2011 felur stjórn flokksins að skipa fimm manna nefnd sem hafi það hlutverk að*
17 *endurskoða skipulag flokksins með það að markmiði að styrkja og efla í hvítetna samskipti,*
18 *tengsl og áhrif stofana hans s.s. sveitarstjórnarfólks, svæðisfélaga, flokksráðs, stjórnar*
19 *flokksins og þingflokks.*

20
21 **Vinnulag innan flokksins**

22 *Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn í Reykjavík 25.-26. júní*
23 *2010, beinir því til stjórnar VG að skipa starfshóp sem fer yfir almennt og sértækt vinnulag*
24 *innan flokksins. Felur það í sér m.a. yfirferð á skipulagi flokksins, samskiptaleiðum, starfsemi*
25 *svæðisfélaga og málefna. Þá skal hópurinn einnig huga að hvernig fjölga megi nýliðum,*
26 *virkja félagsmenn enn frekar og vinna málstað Vinstri grænna víðtækari stuðnings.*
27 *Starfshópurinn skal gera tillögur að úrbótum á starfi flokksins og fjalla um hvernig megi efla*
28 *það til muna. Þá skal starfshópurinn kanna hernig staðið er að kynningu á stefnu og starfsemi*
29 *Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og eftir atvikum leita leiða til þess að efla kynningu*
30 *á stefnu flokksins. Skal starfshópurinn ekki einskorða könnun sína við kynningu*
31 *kosningastefnuskrár heldur jafnframt með hvaða hætti stefnu Vinstri grænna er unnið fylgi á*
32 *milli kosninga.*

33 **Helstu atriði hópsins**

34
35 **Forval og skipulag funda – almennt verklag og form**

36 Nefndarfólk var sammála um að setja þurfi almennt skýrar reglur varðandi aðferðir við
37 prófkjör/forval, hvernig frambjóðendur eru valdir, kosningarétt, meðferð og aðgang að
38 kjörskrá og kostnað frambjóðenda. Einnig þurfa að vera skýrari ákvæði um að félagi skuli
39 einungis vera í einu svæðisfélagi og betur þarf að halda utanum félagaskipti sérstaklega þegar
40 kemur að forvali eða stjórnarkjöri. Mikilvægt er að fundarsköp séu samin fyrir fundi í
41 stofnunum flokksins sem taki m.a. á ræðutíma, hvernig og hvenær mál eru sett á dagskrá og
42 hvernig standa eigi að afgreiðslu ályktana. Almennt vantar meiri formfestu í skipulag funda í
43 stofnunum flokksins og afgreiðslu mála.

44
45 Ef að stjórn flokksins gerir viðmiðunarreglur þá er nauðsynlegt að flokksráð samþykki þær
46 þannig að fulltrúar úr svæðisfélögum og kjördæmisráðum taki þar fullan þátt í afgreiðslu.

Svæðisfélög, kjördæmisráð, sveitarstjórnarráð

1 Hugmyndir til að auka og styrkja hlutverk þessara grunnstoða eru m.a. að boða formenn
2 svæðisfélaga á fund samhliða flokksráðsfundi á haustin og halda námskeið um flokksstarf og
3 hlutverk svæðisfélaga. Hvetja svæðisfélögin til að gera grein fyrir starfinu á aðalfundi
4 kjördæmisráðs. Einnig er mikilvægt að þingmenn, sveitarstjórnarmenn og aðrir skipuleggi
5 ferðir sínar, þ.e. fundi og heimsóknir, í samstarfi við kjördæmisráðin.
6
7

8 Mikilvægt er að efla samstarf til að auka virkni bæði svæðis- og kjördæmisráða og væri t.d.
9 hægt að halda einn fund á ári með formönnum svæðisfélaganna og/eða formönnum/stjórnunum
10 allra kjördæmisráða. Kjördæmisráðin ættu að innheimta félagsgjöld fyrir svæðisfélög þannig
11 að 20% séu tryggð sem fjárhagsgrunnur þeirra.
12

13 Sveitarstjórnarráð þarf að hafa fastan fundartíma á hverju ári fyrir sveitarstjórnarráðstefnu t.d.
14 í febrúar og það þarf að vera inni í fjárhagsáætlun VG. Finna þarf leið til að virkja alla landið
15 um helstu málaflokka að loknum sveitarstjórnarkosningum og myndu þeir skila af sér
16 vangaveltum tvisvar á ári til stjórnar. Síðan tekið fyrir og rætt á aðalfundi sveitarstjórnarráðs.
17 Formaður sveitarstjórnarráðs ætti að sitja í stjórn VG a.m.k. sem áheyrnarfulltrúi þannig að
18 tenging sé á milli þessara mikilvægu eininga.
19

Þingflokkur VG

20 Helstu ágreiningatriði hópsins snéru að því regluverki sem frambjóðendur til Alþingis – og
21 sveitarstjórna þurfa að lúta. Í ljósi þess sem gerst hefur í stjórnmalaflokkum á Alþingi
22 undanfarið var rætt um flokksræði og einræði og hvort hægt væri að fara fram á að
23 frambjóðendur undirrituðu drengskaparheit þess eðlis að þeir myndu hlýta ákvörðunum
24 stofnanna VG þ.e. landsfunda, flokksráðsfunda og stjórnar næðu þeir kjöri til Alþingis, frá
25 upphafi til loka kjörtímabils. Ljóst er að kjósendur hafa enga vissu fyrir því að sá sem býður
26 sig fram fyrir tiltekinn flokk fylgi stefnu þess flokks allt kjörtímabilið en gera verður ráð fyrir
27 að viðkomandi aðhyllist stefnu flokksins. Einungis flokksmenn geta haft áhrif á þetta þegar
28 þeir velja á lista fyrir kosningar hverju sinni.
29

Lokaorð

30 Hópurinn sem að þessari vinnu stóð er ekki að ætlast til þess að þessi skýrsla verði afgreidd
31 sem slík en þó er margt er varðar vinnulag sem æskilegt væri að beint yrði til næsta
32 flokksráðsfundar til afgreiðslu. Greinargerðir og ítarlegri gögn vegna vinnunnar liggja fyrir
33 hjá hópnum og framkvæmdastýru.
34

Skýrsla nefndar um skipulag VG

Landbúnaðarstefna Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

35
36
37 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar Græns framboðs, haldinn á Akureyri dagana 28. til 30.
38 október, leggur til að Landsfundur skipi nefnd til þess að marka skýra Landbúnaðarstefnu
39 fyrir VG.
40

Aðalfundur VG á Hornafirði

Sérmál

Ályktun um breytingar í opinberri stjórnarsýslu

Landsfundur VG hvetur til þess að loforð séu efnd um sameiningu ráðuneyta og hagræðingu innan stjórnarsýslunnar.

Andrea Hjálmsdóttir, Dýrleif Skjöldal, Edward H. Huijbens, Guðrún Þórsdóttir, Hlynur Hallsson, Klara S. Sigurðardóttir, Kristín Sigfúsdóttir, Sóley Björk Stefánsdóttir

Ályktun um stjórnlagaráð

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs þakkar stjórnlagaráði vinnu sína, styður niðurstöðuna sem þar náðist og vill senda hana óbreytta í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Rökstuðningur: *Það fór mikil vinna í að ná þeirri málamiðlun sem frumvarp stjórnlaganefndarinnar er og nú þarf að gefa þjóðinni tækifæri til að taka afstöðu til hennar.*

Héðinn Björnsson

Ályktun um rannsóknarnefnd Alþingis

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs þakkar rannsóknarnefnd Alþingis fyrir starf sitt og heitir að breyta starfsháttum flokksins í samræmi við gagnrýni hennar á starfi flokkanna í aðdraganda hrunsins.

Rökstuðningur: *Þó að VG hafi ekki farið eins illa að ráði sínu í aðdraganda hrunsins og sumir aðrir flokkar verður ekki hjá því komist að líta í eigin barm og skoða hvað af verklagi okkar við þurfum að endurskoða. Slíkt er langtímaverkefni jafnvel þó okkur takist að komast talsvert áleiðis á þessum landsfundi og því er mikilvægt að hafa ályktun sem þessa með í farteskinu.*

Héðinn Björnsson

Ályktun um íslenskuátak

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn á Akureyri dagana 28. til 30. október, telur nauðsynlegt að hrinda af stað íslenskuátaki með svipuðu sniði og gert var í tíð Svavars Gestssonar menntamálaráðherra.

Aðalfundur VG á Hornafirði

Sala á áfengi

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn á Akureyri dagana 28. til 30. október, beinir því til þingflokks VG að leggja fram frumvarp til breytingar á áfengislöggjöf, þar komi skýrt fram að ekki sé leyfilegt að áfengir og óáfengir drykkir séu falboðnir í samskonar umbúðum.

Greinargerð:

Innflytjendur og framleiðendur á áfengum drykkjum hafa löngum getað farið framhjá auglýsingabanni sem tilgreint er í 20. grein Áfengislaganna nr. 75/1998, með því að auglýsa

1 léttöl. Léttöl sem inniheldur að rúmmáli vínanda sem er 2,25% eða minna fellur ekki undir
2 áfengislögin og þess vegna ekki undir auglýsingabannið. Hvort viðkomandi léttöl er yfirleitt
3 framleitt eða flutt inn er erfitt og tímafrekt að rannsaka. Með því að banna framleiðendum og
4 innflytjendum að hafa áfengt öl og óáfengt í samskonar umbúðum er hægt að komast hjá
5 þessu.

6 *Aðalfundur VG á Hornafirði*

7 **Höldum áfram góðum verkum**

8
9 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn að Hofi á Akureyri 28.-30.
10 október hvetur kjörna fulltrúa sína til að halda stefnuföst áfram á þeirri góðu braut sem þau
11 voru kjörin til að fylgja. Mikið starf hefur unnist en þó eru fjölmörg verkefni sem bíða
12 úrlausna og er því brýnt að fulltrúar okkar haldi ótrauðir áfram.

13 *Félagsfundur VG í Borgarbyggð*

14 **Ályktun um aðskilnað ríkis og kirkju**

15
16 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn að Menningarhúsinu Hofi 28.
17 – 30. október 2011 ályktar að mikilvægt sé að víðtæk sátt náist í þjóðfélaginu um samstarf
18 ríkis og trúfélaga. Í ljósi þess að ályktun um jafnrétti í trúmálum Íslendinga var samþykkt
19 á síðasta landsfundi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs án þess að fullur árangur hafi
20 náðst leggur landsfundur á ný fram eftirfarandi aðgerðir til að stuðla að jafnrétti og frelsi í
21 trúmálum Íslendinga:

- 22
- 23 1) Aðskilja ber þjóðkirkju og ríkisvald.
- 24
- 25 2) Breyta skal ákvæðum laga um aðild að trúfélögum á þann veg að sjálfkrafa skráning barns
26 í trúfélag móður við fæðingu verði afnumin. Framvegis verði samþykki beggja forsjáraðila, ef
27 þeir eru tveir, að liggja fyrir til þess að barn sé skráð í trúfélag þegar það er yngra en svo að
28 því sé sjálfu heimilt að sjá um trúfélagsskráningar sínar.
- 29
- 30 3) Afnema skal 125. grein almennra hegningarlaga, lög um guðlast, sem hljóðar svo: „Hver,
31 sem opinberlega dregur dár að eða smánar trúarkenningar eða guðsdýrkun löglegs
32 trúarbragðafélags, sem er hér á landi, skal sæta sektum eða [fangelsi allt að 3 mánuðum].1)
33 Mál skal ekki höfða, nema að fyrirlagi saksóknara.”
- 34
- 35 4) Lífsskoðunarfélög sem gegna sama félagslega hlutverki og trúfélög öðlist sömu lagalegu
36 réttindi og þau.
- 37
- 38 5) Virða ber réttindi foreldra til þess að ráða trúaruppeldi barna sinna.

39 *Stjórn UVG*

40 **Ályktun um byrjunarlaun presta**

41
42 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn á Akureyri helgina 28.-30.
43 október leggur til að grunnlaun presta Þjóðkirkjunnar verði samræmd launum stétta með
44 sambærilega menntun, s.s kennara og hjúkrunarfræðinga svo meiri jöfnuður náist.
45 Prestar Þjóðkirkjunnar eru ríkisstarfsmenn með grunnlaun uppá rúmar 470.000 krónur á
46 mánuði, auk þess sem þeir fá greitt fyrir athafnir, s.s. jarðarfarir og giftingar ólíkt flestum

1 öðrum trúfélögum á Íslandi. Grunnlaun presta þjóðkirkjunnar eru algjörlega úr takti við laun
2 annarra opinberra starfsmanna þegar litið er til menntunar og nauðsynjar fyrir samfélagið.
3 Sjúkraliðar, lögreglumenn og leikskólakennarar eru með grunnlaun sem ekki ná 250.000
4 krónum og er það ótækt að stétt sem að þjónar aðeins broti þjóðarinnar sé með helmingi hærri
5 laun en stéttir sem eru samfélaginu mun mikilvægari.

6
7 Ástæðan fyrir háum grunnlaunum presta eru samningar um leigu og kaup ríkisins á
8 landeignum kirkjunnar og samningar um þjónustu, s.s sálsgæslu, sem starfsmenn
9 Þjóðkirkjunnar veita. Skorar landsfundur því á innanríkisráðherra að endurskoða samninga
10 kirkjunnar og gefa öðrum trúfélögum, sem hafa burði til að veita sömu þjónustu, þann kost að
11 koma að samningaborðinu.

12 *Stjórn UVG*

13 **Ályktun um upplýsingaöryggi og aðgengi almennings að upplýsingum**

14
15 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn á Akureyri 28.-30. október
16 2011 vill að Alþingi tryggi að í lögum er varða upplýsingaskyldu opinberra aðila og opinbera
17 skjalavörslu verði sem minnstar hömlur lagðar á aðgengi almennings og fjölmiðla að
18 opinberum skjölum. Áfram verði þó gætt trúnaðar um viðkvæmar persónuupplýsingar. Ný
19 upplýsingalög og ný lög um Þjóðskjalasafn Íslands (og önnur opinber skjalasöfn) endurspegl
20 þessar áherslur. Tryggja verður í nýjum lögum að í tilvikum þar sem vafi kann að leika á
21 hvort aðgengi skuli veitt að upplýsingum skuli það lagt í hendur fjölskipaðs stjórnvalds, sem
22 endurspeglir sem flest sjónarmið, að skera úr um hvort aðgengi skuli heimilað, en ekki vera á
23 hendi einstakra embættismanna. Slíkt stjórnvald skal bundið þagnareiði um innihald þeirra
24 upplýsinga sem það fjallar um. Skulu úrskurðir þess bæði vera rökstuddir og kærnanlegir til
25 ráðuneytis eða dómstóla.

26
27 Einnig verði í lögum tryggt að ábyrgð á eftirliti með opinberri skjalavörslu, bæði ríkis og
28 sveitarfélaga, sé bæði á hendi Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna í samræmi við hefðbundin
29 valdmörk milli ríkis og sveitarfélaga. Þessar stofnanir verði eflaðar og áhersla verði lögð á að
30 sá aðili sem sinni eftirliti sé staðsettur sem næst þeirri stjórnslu sem er eftirlitsskyld.

31
32 Landsfundur leggur jafnframt áherslu á að í lögum verði skerpt á kröfum um skjalavörslu hjá
33 einkaaðilum í lánastarfsemi og fjármálaumsýslu og þeim gert að fylgja meginreglum um
34 opinbera skjalavörslu. Efnahagshrunið árið 2008 dró fram mikilvægi þess að hægt sé að rekja
35 upplýsingar um ákvarðanir aðila á þessu sviði, ákvarðanir sem á tíðum snerta hag almennings
36 með beinum hætti. Mikilvægt er að kröfur um gagnsæi í vinnubrögðum nái ekki síður til
37 þessara aðila en til almennrar stjórnslu og þannig verði almannahagsmunir jafnan þyngri á
38 metum en viðskiptahagsmunir.

39
40 *Félagfundur svæðisfélags VG á Héraði, Borgarfirði og Seyðisfirði*

41

1
2

3 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs lýsir yfir fullum stuðningi við ráðherra
4 og þingmenn flokksins. Það voru tímamót í sögu flokksins þegar flokksráð hans samþykkti
5 þátttöku í ríkisstjórn með Samfylkingunni, fyrst í minnihlutastjórn í febrúar 2009 og síðan í
6 meirihlutastjórn eftir kosningar sama vor.

7

8 Nú er kjörtímabilið ríflega hálfnað og hreyfingin getur verið stolt af þeim árangri sem náðst
9 hefur. Má þar meðal annars nefna róttækar breytingar á skattakerfinu sem miða að því að
10 verja kjör þeirra sem minnstar tekjur hafa og dreifa skattbyrðinni á réttlátan hátt. Aukinna
11 tekna hefur verið aflað með hækkun skatta á fjármagnstekjur, hagnað fyrirtækja og
12 stóreignafólk, kolefnisskattur og breytt skattlagning umferðar hafa gert skattkerfið grænna,
13 fyrstu skrefin hafa verið stigin í átt að kynjaðri hagstjórn, hlúð er að nýsköpun með
14 skattaívilnunum og auðlindagjöld hafa verið og verða áfram aukin. Þá hafa verið gerðar ýmsar
15 breytingar í mannréttinda- og dómsmálum sem varða skipan dómara, ein hjúskaparlög,
16 sænsku leiðina í vændiskaupum, aðgerðaáætlun í mansali og umbætur í málefnum útlendinga.
17 Frumvarp um austurrísku leiðina hefur verið lagt fram. Átak hefur verið boðað í
18 vegaf framkvæmdum á Vestfjörðum auk ýmissa samgönguframkvæmda um land allt.

19 Í menntamálum hafa verið unnar nýjar aðalnámskrár þar sem inn koma nýir grunnþættir í
20 menntastefnu landsins, þ.á m. lýðræðismenntun, menntun til sjálfbærni og jafnréttismenntun.
21 Í frumvarpi sem vonandi verður að lögum innan fárra daga er staða íslenskrar tungu fest í
22 sessi og táknað viðurkennt sem fyrsta mál heyrnarlausra og heyrnarskertra. Ráðist hefur
23 verið í átak til að opna framhaldsskólana og grunnframfærsla Lánasjóðs íslenskra námsmanna
24 hefur verið hækkuð um þriðjung á þessum tveimur árum auk þess sem hin óréttláta krafa um
25 ábyrgðarmenn á námslánnum sem vann gegn jafnrétti til náms hefur verið afnumin. Þá hefur
26 náðst samkomulag við sveitarfélögin um að ríkið taki við framhaldsstigi í tónlistarnámi og efli
27 það sem hefur lengi verið á stefnuskrá Vinstri grænna.

28 Í umhverfismálum hefur mikill árangur náðst, m.a. með því að veita fjármagni til úrbóta á
29 friðlýstum svæðum, friðlýsingu Langasjávar og staðfestingu verndaráætlana
30 Vatnajökulspjóðgarðs og Mývatns og Laxár. Þá hefur Árósasamningurinn verið fullgiltur sem
31 hefur verið stefnumál hreyfingarinnar til margra ára.

32 Landsfundurinn fagnar þessum árangri og hvetur ráðherra og þingmenn til áframhaldandi
33 góðra verka.